



ÁRSSKÝRSLA 2002
ÁRSSKÝRSLA 2002



FASTEIGNAMAT RÍKISINS

© Fasteignamat ríkisins og höfundar

Útgefandi: Fasteignamat ríkisins
Ritstjórar: Guðmundur J. Guðmundsson
og Snorri Gunnarsson
Hönnun, myndstjórn og umbrot: Nonni og Manni | YDDA
Prentun: Svansprent

Ritið er sett með 9 pt. Optima
og prentað á 135g Zanders Mega pappír

ISSN 1670-1941

Ávarp forstjóra	5
Starfsemin á árinu 2002	7
Ársreikningur 2002	16
Útdráttur úr viðhorfskönnun	18
Fasteignamarkaðurinn á árinu 2002	21
Jón Rúnar Sveinsson:	
Margt er ólíkt með skyldum – Um mismunandi húsnæðisstefnu Norðurlandanna	27
Tölflur	47
Tafla 1.1 Fasteignamat og brunabótamat á Íslandi 31. desember 2002	47
Tafla 1.2 Fjöldi íbúða eftir byggingartíma – landið allt	50
Tafla 1.3 Fjöldi íbúða í fjölmennustu sveitarfélögum 2002	51
Tafla 2.1 Velta og fjöldi kaupsamninga í fasteignaviðskiptum 1990-2002	51
Tafla 2.2 Fjöldi kaupsamninga og velta eftir sveitarfélögum 2001	52
Tafla 2.3 Fjöldi kaupsamninga og velta eftir sveitarfélögum 2002	56
Tafla 3.1 Fasteignaverð í sérbýli í ýmsum sveitarfélögum árið 2002	60
Tafla 3.2 Fasteignaverð í fjölbýli í ýmsum sveitarfélögum árið 2002	69
Tafla 3.3 Vísitala fasteignaverðs íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæði	77
Tafla 4.1 Fjármögnun íbúðarhúsnæðis 2002	78
Tafla 4.2 Fjármögnun íbúðarhúsnæðis 1995-2002	80
Tafla 5.1 Ávöxtunarkrafa húsbrefa í viðskiptum á Verðbrefaþingi Íslands 2002	81



Árið 2002 var ár mikilla afkasta við þau verkefni sem áður hafði verið hafist handa við. Færsla upplýsinga úr þinglýsingabókum sýslumannsembættanna í Landskrá fasteigna er komin vel á veg hjá mörgum embættum. Á árinu náðist það takmark að öll sýslumannsembætti, að þremur frátöldum sem þinglýsa í eldra tölvukerfi, hafa hafið innfærslu í Landskrána. Það eru því 22 sýslumannsembætti sem færa upplýsingar í skrána á hverjum degi, auk fjölda byggingarfulltrúaembættanna um land allt og fimm starfsstöðva Fasteignamats ríkisins.

Tvö sýslumannsembætti hafa lokið innfærslu í skrána, en það eru sýslumaðurinn á Akranesi og sýslumaðurinn á Ólafsfirði. Í desember veitti þáverandi dómsmálaráðherra, Sólveig Pétursdóttir, þessum tveimur sýslumönnum viðurkenningu fyrir þann árangur. Auk þess veitti hún embætti sýslumannsins í Kópavogi viðurkenningu fyrir brautryðjendastarf við þróun og myndun Landskrár fasteigna og sýslumanninum á Selfossi viðurkenningu fyrir brautryðjendastarf við þróun skrárinnar með tilliti til fasteigna í dreifbýli.

Á árinu 2002 var unnið að afgreiðslu athugasemda sem bárust við endurmatið 2001.

Skriflegri málsmeðferð var komið við í mun ríkari mæli en áður. Eyðublöð með gæðalýsingum voru send út vegna margra mála og eigendur vinsamlegast beðnir um að fylla þau út. Skil á þeim voru góð og flýtti þetta verklag fyrir afgreiðslu, og fækkaði þeim tilvikum sem þörf var á skoðun. Fyrir árslok náðist það markmið að ljúka nær öllum athugasemdum sem lutu að fasteignamati og öllum athugasemdum á starfsstöðvum stofnunarinnar í Borgarnesi, Akureyri, Egilsstöðum og Selfossi. Það sem eftir stóð voru athugasemdir á svæði aðalstarfsstöðvarinnar í Höfðaborg í Reykjavík sem lutu að brunabótamati.

Margir hafa lagt hönd á plóginn til að þessi stóru framfaraverk hafi náð svo langt sem raun ber vitni. Þeim ber að þakka og því góða samstarfi, sem fer fram í nokkrum vinnuhópum, milli starfsmanna Fasteignamats ríkisins, byggingarfulltrúa og sýslumannsembættanna. Auk þess hefur veigamikil samstarf farið fram á árinu milli Fasteignamats ríkisins og starfsmanna tryggingafélaganna. Í öllum þessum samstarfshópum ríkir sú sýn að skilja forsendur hvers annars, læra af reynslunni, kryfja hvað megi gera betur og hvernig því skuli komið í framkvæmd.

Haukur Ingibergsson, forstjóri

Hlutverk

Fasteignamat ríkisins hefur það hlutverk að annast skráningu og mat fasteigna og halda til þess viðeigandi kerfi og veita upplýsingar úr þeim.

Þessu sinnir stofnunin með eftirfarandi hætti:

1. Landskrá fasteigna

Fasteignamat ríkisins heldur og þróar gagna- og upplýsingakerfið Landskrá fasteigna en þar eru skráðar allar fasteignir í landinu. Landskráin skal vera grundvöllur allrar fasteignaskráningar og hnitsettra eignamarka lands, mats fasteigna, húsaskrár Hagstofu Íslands, þjóðskrár, auk þess að vera stoðgagn í landupplýsingakerfum.

2. Fasteignamat

Fasteignamat ríkisins metur matsskyldar fasteignir fasteignamati sem er gangverð umreiknað til staðgreiðslu, sem ætla má að eignin hefði í kaupum og sölum í síðastliðnum nóvembermánuði, miðað við heimila og mögulega nýtingu fasteignarinnar á hverjum tíma.

3. Brunabótamat

Fasteignamat ríkisins metur allar matsskyldar húseignir brunabótamati sem tekur til þeirra efnislegu verðmæta húseignarinnar sem eyðilagst geta í eldi og miðast við byggingarkostnað að teknu tilliti til aldurs, slits, viðhalds og ástands eignar að öðru leyti.

4. Fasteignamarkaður

Fasteignamat ríkisins rannsakar fasteigna-

markaðinn og birtir niðurstöður þeirra athugana.

Skipurit

Í byrjun ársins gekk í gildi nýtt skipurit Fasteignamats ríkisins staðfest af fjármálaráðherra. Nýja skipuritið fól í sér ýmsar breytingar.

Komið var á fót starfi aðstoðarforstjóra. Margrét Hauksdóttir gegnir því. Hún fer með lögfræði- og rekstrarmál og starfsemi þjónustuvæða auk þess að vera forstjóra til aðstoðar við stjórnun stofnunarinnar.

Mynduð voru tvö þjónustuvæði í stað umdæmskipunar sem áður ríkti. Þjónustuvæði I annast þjónustu á Suður- og Vesturlandi og önnur verkefni sem því eru falin. Þjónustuvæði I hefur starfsstöðvar í Reykjavík, Borgarnesi og á Selfossi. Þjónustuvæði II annast þjónustu á Norður- og Austurlandi og önnur verkefni sem því eru falin. Þjónustuvæði II hefur starfsstöðvar á Akureyri og Egilsstöðum.

Skrifstofa fer sem fyrr með daglega umsýslu fjármála og annast framkvæmd margvíslegra þjónustu- og rekstrarverkefna. Hún heyrir nú beint undir forstjóra en tilheyrði áður lögfræði- og rekstrarsviði.

Verkefni tveggja meginsviða stofnunarinnar voru aukin. Skráningar- og þróunarsvið hefur, auk þróunarverkefna, forsögn um skráningu í Landskrá fasteigna og samræmingu og fræðslu þar að lútandi. Auk þess sinnir það tveimur nýjum verkefnum, sölu og miðlun upplýsinga úr Landskrá fasteigna og rekstri vefseturs.

Mats- og hagsvið hefur forsögn um matsaðferðir, matskerfi og matsframkvæmd ásamt samræmingu

og fræðslu þar að lútandi ásamt því að gefa út matsskrár og annast hagrænar rannsóknir varðandi fasteignir.

Premur nýjum starfsþáttum var markaður sess í nýju skipuriti. Rannsókn- og eftirlitssviði var falið að annast rannsóknir á matsaðferðum, mat á sérhæfðum eða flóknum fasteignum og hafa eftirlit með matsstarfsemi stofnunarinnar. Gæðastjóri vinnur að því að koma á, viðhalda og þróa gæðakerfi fyrir alla meginþætti í starfsemi stofnunarinnar. Tölvudeild vinnur að því að stofnunin hafi viðeigandi verkfæri á sviði hugbúnaðar og vélbúnaðar og stýrir rekstri gagnagrunna og tölvukerfa.

Húsnæðismál

Nokkrar breytingar voru gerðar á húsnæði Fasteignamatsins í Höfðaborg. Bætt var við innréttingum á kaffistofunni, settar upp nýjar starfsstöðvar í opna vinnurýminu, aðstaða skjalasafnsins var aukin og vinnusvæði tölvudeildar breytt. Starfsstöðin í Borgarnesi flutti í stærra og rúmbetra húsnæði í sömu byggingu.

Starfsmannamál

Í árslok voru starfsmenn Fasteignamatsins 59 talsins. Karlar voru 36 eða 61% og konur 23 eða 39%.

Fjöldi starfsmanna eftir starfsstöðvum:

Starfsstöð	Fjöldi starfsmanna	Hlutfall
Höfðaborg	42	71,2%
Borgarnes	2	3,4%
Akureyri	9	15,3%
Egilsstaðir	2	3,4%
Selfoss	4	6,8%
Samtals	59	100%

Skipting starfsmanna eftir menntun er þessi:

	Fjöldi starfsmanna	Hlutfall
Háskólamenntun	31	52,5%
Iðnmenntun	14	23,7%
Önnur menntun	14	23,7%
Samtals	59	100%

Gæðamál

Fasteignamat ríkisins tók á árinu 2001 þá ákvörðun að innleiða gæðakerfi sem stjórnkerfi í samræmi við kröfur ÍST ISO 9001 og ÍST ISO/IEC 17799 / ÍST BS 7799-2:1999. Í þessari ákvörðun fólst skuldbinding stjórnenda um að koma á ferilhugsun, ferlagreina og gæðatryggja vörur stofnunarinnar og leitast við að uppfylla væntingar ólíkra viðskiptavina sem allra best.

Gæðakerfi samkvæmt ÍST ISO 9001

Fyrsta skrefið í undirbúningi innleiðingar gæðakerfis var að uppfæra starfsmenn um grundvallarhugsun gæðakerfis og fara yfir efni ÍST ISO 9001 staðalsins og hvert stofnunin væri að stefna. Haldin voru þrjú heilsdags námskeið fyrir alla starfsmenn stofnunarinnar.

Skipað var gæðaráð og sett gæðastefna sem kristallast í því að viðhalda réttu stjórnsýslu og virkri framleiðslu. Einnig felst í gæðastefnunni skuldbinding um að koma á gæðastjórnunarkerfi samkvæmt ÍST ISO 9001:2000. Gæðastefna Fasteignamats ríkisins er eftirfarandi:

Rétt stjórnsýsla – virk framleiðsla

Stofnunin mun koma á gæðastjórnunarkerfi samkvæmt alþjóðastaðlinum ÍST ISO 9001:2000. Gæðastjórnunarkerfið mun verða vottað af faggiltri vottunarstofu.

Stofnunin mun gæðatryggja vinnslulínur sem byggjast á gæðakerfi þar sem verkferlar verða skýrt markaðir og unnið verður samkvæmt heildstæðum verklagsreglum með þarfir viðskiptavinarins að leiðarljósi.

Í gæðastefnunni felst sú skuldbinding að viðhafa rétta stjórnýslyu við að sinna þeim verkefnum sem löggjafinn hefur falið stofnuninni, með þeim hætti sem lög tiltaka eða markað er í reglum sem framkvæmdavaldið setur.

Í gæðastefnunni felst einnig skuldbinding um virka framleiðslu og gæðatryggða vinnslu allra viðfangsefna til að tryggja góða og markvissa þjónustu og að uppfylla þarfir ólíkra viðskiptavina samkvæmt lögum og reglum.

Með því að hafa á að skipa hæfu starfsfólki, sem verður vel þjálfað og búið góðum verkfærum, gæðatryggðum vinnslulínum og góðri starfsaðstöðu er tryggt að stofnunin geti uppfyllt starfskyldur og væntingar og gegnt hlutverki sínu í þjóðar þágu.

Með stöðugu umbótastarfi mun stofnunin tryggja framþróun og gæði þjónustunnar.

Keyptur var hugbúnaður sem byggist á Lotus Notes til að halda utan um gæðastjórnunarkerfið og skjalamál stofnunarinnar.

Við innleiðingu gæðakerfa skiptir miklu máli að stjórnendur fylgi þeirri skuldbindingu sem felst í því að koma á gæðakerfi og einnig að glæða áhuga starfsmanna á að koma gæðakerfinu á og taka þátt í því. Valin var sú aðferð að gæðaráðið velur hóp skipaðan starfsmönnum til að vinna að tiltekinni gæðareglu ásamt gæðastjóra með það fyrir augum að fá sjónarmið starfsmanna í ólíkum störfum í hverju gæðaverkefni.

Ýmis gæðaverkefni voru sett af stað svo sem gerð verklagsreglna er snúa að stjórnkerfi gæða-

kerfisins, nokkur verkefni er varða framleiðsluna og loks var tekið til við að gera starfs- og hæfnislýsingar fyrir öll störf innan stofnunarinnar.

Skjalastjórn

Öflug og virk skjalastjórn er þýðingarmikil í skilvirkri gæðakerfi. Skjalastjórn veitir sýn yfir fjölda erinda sem berast, hvers eðlis þau eru og hver ber ábyrgð á að vinna þau. Góð skjalastjórn er eitt af þeim tækjum sem sýna okkur hvað er á færibandinu í framleiðslu á hverjum tíma. Á árinu var tekin ákvörðun um að nota GoPro skjalavistunarkerfi. Innleiðing kerfisins var undirbúin með það að markmiði að öll erindi sem berast stofnuninni verði skráð í kerfið jafnframt því að notkun þess verði almenn meðal starfsmanna. Kerfinu er ætlað að vera upplýsingaveita um öll samskipti við viðskiptavini stofnunarinnar. Stór þáttur í því að skjalavistunarkerfið nýtist stofnuninni sem best er að tengja það við aðra gagnagrunna, bæði gagnagrunna stofnunarinnar sem geyma upplýsingar um fasteignir og einnig við þjóðskrá. Í árslok var undirbúningsvinnu fyrir innleiðingu næstum lokið.

Tölvu- og öryggismál

Í ársbyrjun var sett upp hjá ANZA á Akureyri ný tölva sem hýsir Landskrá fasteigna. Um er að ræða öflugustu SUN-Unix vél sem til er á landinu.

Komið var á fót einni símstöð fyrir allar starfsstöðvar með þjónustuborði á Akureyri. Öll símtöl fara í gegnum þessa stöð og einnig megnið af símsvörun stofnunarinnar.

Þar sem veigamiklir þættir starfseminnar eru á Akureyri er mikilvægt að geta átt öflug samskipti við starfsstöðina þar. Á árinu var því keyptur fjarfundabúnaður og honum komið upp í Höfðaborg og á Akureyri. Búnaðurinn hefur reynst vel og nýst jafnt til fámennra sem fjölmennra funda starfsfólksins.

Fasteignamat ríkisins hefur það hlutverk að reka Landskrá fasteigna en í því felst að reka eina fasteignaskrá fyrir mörg stjórnvöld. Þetta verkefni leggur okkur þær skyldur á herðar að huga vel að öryggi upplýsinga og því var ákveðið að innleiða staðlana ÍST ISO/IEC 17799/ ÍST BS 7799-2:1999.

Mikilvægt er að vita hvar við stöndum í öryggismálum og fékk stofnunin því utanaðkomandi aðila (KPMG) til þess að gera öryggisúttekt á tölvukerfi stofnunarinnar. Úttektin leiddi í ljós að öryggismál tölvukerfisins voru í nokkuð góðu lagi og bætt var úr því sem betur mátti fara.

Í kjölfarið var komið upp nýjum tvöföldum eldvegg til að tryggja öryggi þeirra gagna sem stofnunin vistar, öryggi í vélasal í Höfðaborg var aukið og hita- og vatnsskynjarar tengdir við öryggisþjónustu Securitas.

Landskrá fasteigna er rekin af Fasteignamati ríkisins samkvæmt samningi Fasteignamatsins við fjármálaráðuneyti og dómsmálaráðuneyti. Í september var þinglýsingahluti Landskrár fasteigna tekinn út af Verk- og kerfisfræðistofunni hf. að ósk dómsmálaráðuneytisins. Úttektin byggðist á aðferðarfræði ÍST ISO/IEC 17799:2000 og ÍST BS 7799-2:1999. Úttektin náði bæði til atriða sem eru á valdi Fasteignamats ríkisins en einnig til þátta sem önnur stjórnvöld bera ábyrgð á. Meðal niðurstaðna úr úttektinni sem varða Fasteignamatið er að öryggisvitund starfsmanna væri góð, undirbúningur hafinn að innleiðingu ÍST ISO/IEC 17799 og að notast væri við tölvurekstrarþjónustuaðila sem hefur öryggiskerfi samkvæmt ÍST ISO/IEC 17799. Bent var á að eftir væri að ganga frá samningum, gera öryggiskröfugreiningu og áhættumat ásamt fleiru. Við innleiðingu ÍST ISO/IEC 17799 staðalsins verður tekið á þeim atriðum sem betur mega fara.

Þinglýsingar í Landskrá fasteigna

Á árinu var mikið af efni úr þinglýsingabókum

fært í Landskrá fasteigna. Þau embætti sem hafið höfðu innfærslu héldu því áfram ásamt því að þinglýsa beint í þinglýsingarhluta Landskrárinnar. Hefur framkvæmdin á því gengið mjög vel og eftir að starfsfólk embættanna komst vel af stað hafa fá vandamál komið upp. Kerfið virðist vera einfalt í notkun og þinglýsingar hjá embættunum skilvirkari en áður.

Hjá nokkrum embættum er yfirfærslan langt komin. Helst standa eftir fasteignir sem þarf að skoða sérstaklega þar sem misræmi hefur verið milli skráningar fasteignar í þinglýsingabók annars vegar og skrár Fasteignamats ríkisins hins vegar. Úrlausn slíkra misræmismála hefur því miður gengið frekar hægt. Nauðsynlegt er að góð samvinna sé milli Fasteignamats ríkisins, sýslumannsembætta og byggingafulltrúa í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Ljóst er að hlutverk byggingafulltrúanna mætti vera skýrara og ekki er víst að öll sveitarfélög geri sér grein fyrir því umfangi sem felst í úrvinnslu misræmismála. Þörf er á hvatningu til þeirra svo úrlausn misræmis gangi hraðar fyrir sig.

Nokkur ný embætti hófu innfærslur í þinglýsingahluta Landskrár fasteigna á árinu. Það voru embætti sýslumanna á Patreksfirði, Sauðárkróki, Siglufirði og Höfn í Hornafirði. Það þýðir að einungis eru eftir þau embætti sem nú þinglýsa í tölvukerfi sem haldið er af Skýrr hf. Þetta eru embætti sýslumannanna í Reykjavík, Hafnarfirði og á Ísafirði. Áformað er að færa upplýsingar úr því kerfi yfir í Landskrá fasteigna á árunum 2003 og 2004 og er undirbúningur hafinn að því.

Um áramót 2002-2003 var búið að skrá 36% allra þinglýsingarandlaga (fasteigna) inn í þinglýsingahluta Landskrár fasteigna. Búið var að staðfesta 25% þinglýsingarandlaga sem þýðir að þinglýsing á þær fasteignir fer að öllu leyti fram í tölvukerfi Landskrár fasteigna. Tæplega helmingur fasteigna á landinu er hjá þeim embættum sem ekki eru byrjuð að færa í

Landskrá fasteigna. Innfærslan hjá þeim embættum mun þó líklega ganga hraðar fyrir sig þar sem ekki þarf að handfæra allar upplýsingar inn í Landskrá fasteigna. Engu að síður þarf að handfæra einhvern hluta þeirra og síðan þarf að leysa úr mismæmi eins og hjá öðrum embættum.

Á árinu var gefin út vegleg handbók um þinglýsingar í þinglýsingahluta Landskrár fasteigna. Lögð var áhersla á að benda á gott verklag við skráningu, dagbókarfærslu og þinglýsingar í kerfi Landskrár fasteigna. Þegar kerfið var fyrst tekið í tilraunanotkun hjá sýslumanninum í Kópavogi árin 1998-1999 kom í ljós þörf á skýrum verklagsreglum. Handbókinni er ætlað að mæta þessari þörf en hún er í stöðugri þróun. Bókinni var dreift til allra sýslumannsembættanna sem hafið höfðu vinnslu í þinglýsingahluta Landskrár fasteigna.

Mikil fræðsla fór fram á vegum skráningar- og þróunarsviðs. Haldnar voru kynningar fyrir aðra starfsmenn Fasteignamats ríkisins, bæði í Reykjavík og öðrum starfsstöðvum Fasteignamatsins. Námskeið voru haldin fyrir starfsfólk sýslumannsembættanna og byggingafulltrúa í hinum ýmsu sveitarfélögum. Það hefur sýnt sig að stöðug þörf er á fræðslu um Landskrá fasteigna. Breytingar verða á starfslíði, kerfin eru í stöðugri endurskoðun og upprifjun er alltaf nauðsynleg.

Fyrir utan hina formlegu fræðslu sem felst í fyrirlestrum og kynningum er mikið leitað til skráningar- og þróunarsviðs með ýmis úrlausnarefni sem tengjast Landskrá fasteigna og þá sérstaklega þeim sem lúta að samskiptum við þinglýsingahluta Landskrárinnar. Það má reyndar segja að allir þeir sem koma að skráningu gagna í Landskrá fasteigna leiti eftir ráðgjöf og leiðbeiningum til skráningar- og þróunarsviðs. Það eru fyrst og fremst starfsfólk sýslumannsembættanna, starfsfólk Fasteignamats ríkisins og byggingafulltrúar sveitarfélaganna. Mótun skýrra verkferla er mikilvægt verkefni á þessu sviði.

Endurmat

Hinn 15. júní 2001 endurmat Fasteignamat ríkisins brunabótamat og fasteignamat á landinu öllu. Land utan þéttbýlis, hlunnindi og ræktun voru þó undanskilin í endurmatinu. Þetta var í fyrsta sinn sem framkvæmt er heildstætt mat fasteigna á öllu landinu með vélrænum hætti. Fasteignamat hafði oft verið endurmetið áður en aldrei með þessum hætti fyrr en þá. Endurmatið tók til ríflega 129.000 fasteigna á landinu öllu og sendar voru út um 79.000 tilkynningar til fasteignaeigenda um fyrirhugaða niðurstöðu endurmats og veittur var þriggja mánaða andmælafræstur. Þetta kallaði á mikil viðbrögð og bárust Fasteignamatinu 13.951 athugasemd vegna niðurstöðu endurmatsins. Þar af voru 9.707 vegna brunabótamats, 947 vegna fasteignamats og 3.297 sem lutu bæði að brunabótamati og fasteignamati.

Í árslok 2001 var afgreiðslu 1.250 mála lokið. Þetta þýddi að afgreiðslu meirihluta athugasemmdanna var því ólokið við útgáfu nýrrar fasteignaskrár 31. desember 2001. Fasteignamat á fasteignum með óafgreiddum athugasemdum sætti ekki framreikningi skv. ákvörðun yfirfasteignamatsnefndar fyrr en niðurstaða vegna athugasemda lá fyrir. Sveitarfélögnum var gerð grein fyrir þessu og þeim sendar upplýsingar á árinu um breytingar á fasteignamatsskrá 31. desember 2001 vegna afgreiðslu athugasemda fasteigna í viðkomandi sveitarfélagi.

Á árinu hefur verið unnið að því markvisst að ljúka athugasemdum við endurmatið og nú um áramótin 2002 voru 4.401 athugasemd við endurmatið óafgreidd. Þær athugasemdir lutu að brunabótamati fasteigna á höfuðborgarsvæðinu, en við árslok hafði því markmiði verið náð að ljúka öllum athugasemdum vegna fasteignamats og öllum athugasemdum á öllum starfsstöðvum utan Reykjavíkur.

Vinnustaðgreining

Einn veigamesti þátturinn í góðri þjónustu og virkri framleiðslu er að Fasteignamat ríkisins hafi á að skipa öflugum hópi starfsmanna. Þá skiptir miklu að gera sér grein fyrir afstöðu starfsmanna og hvað þeim finnst að vel sé gert og hvað megi betur fara í stjórnun stofnunarinnar. Fasteignamatið fékk IMG Gallup í lið með sér við að gera vinnustaðagreiningu. Hún er tæki sem greinir innra heilbrigði fyrirtækja og möguleika til að hámarka framleiðni, ánægju og þjónustuvilja starfsmanna.

Framkvæmdin var með þeim hætti að myndaðir voru fjórir rýnihópar. Fulltrúi IMG Gallup stýrði hópunum. Þeir höfðu annars vegar það markmið að kalla fram hjá þátttakendum mat á styrkleika og veikleika Fasteignamatsins. Hins vegar var tilgangurinn að afla vitneskju um hvers konar spurningar þyrfti að leggja fyrir starfsfólk svo viðeigandi upplýsingar fengjust úr könnuninni. Að því búnu voru settar saman 80 spurningar og var uppruni þeirra úr þremur áttum:

1. Úr spurningabanka Gallup og eru svör við þeim samanburðarhæf við kannanir þeirra hjá öðrum aðilum.
2. Úr könnun um starfsumhverfi ríkisstarfsmanna sem gerð var 1998-1999 og eru svör við þeim sambærileg við svörin í henni.
3. Tillögur Gallup að spurningum eftir fundi með rýnihópum.

Mjög góð þátttaka var í könnuninni eða 96% en það er eitt hæsta hlutfall sem IMG Gallup hefur séð í slíkum könnunum. Meginniðurstaða vinnustaðagreiningar IMG Gallup er að á heildina litið komi Fasteignamat ríkisins lítið eitt lakar út en fyrirtæki gera að jafnaði í þeim þáttum þar sem samanburður fæst. Þá er átt við þau fyrirtæki sem IMG Gallup hefur kannað á sama hátt, en þar á meðal eru 20 fyrirtæki sem skráð eru á aðallista í

Kauphöll Íslands. Ef aðeins eru teknar þær spurningar sem voru í þessari könnun og í könnun meðal ríkisstarfsmanna árið 1998 kemur Fasteignamatið töluvert betur út en ríkisstofnanir gerðu að jafnaði.

Breytingar á matsfjárhæðum um áramótin

Við útgáfu fasteignaskrár í árslok er reiknað nýtt fasteignamat og nýtt brunabótamat. Fasteignamat breytist árlega í samræmi við framreiknistuðla yfirfasteignamatsnefndar sem og breytingar á byggingarkostnaði og afskriftir. Fasteignamat ríkisins breytir brunabótamati árlega vegna breytinga sem orðið hafa á byggingarkostnaði hinna ýmsu tegunda húseigna og vegna afskrifta. Þetta er til viðbótar mánaðarlegum breytingum brunabótamats í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar.

Endurstofnverð endurreiknað

Vegna útgáfu fasteignaskrárinnar 31. desember 2002 var endurstofnverð fasteigna endurreiknað en það var síðast gert við endurmatið 15. júní 2001. Við endurreikninginn var einingaverð byggingarhluta uppfært með því að uppfæra frumþáttaverð þeirra. Nýtt endurstofnverð var síðan fengið með því að margfalda einingaverð byggingarhlutanna með magntölum byggingarinnar. Heildarfjöldi frumþátta í matskerfum Fasteignamats ríkisins er 718. Þar af eru frumþættir efnisliða flestir eða 654, frumþættir vinnuliða eru 42 og frumþættir vélaliða 22.

Útreikningur einingaverðs

Við ákvörðun einingaverðs matskerfanna er miðað við að jafnvægi ríki á markaði. Það er þegar verktakar geta verðlagt vélar og tæki nægilega hátt til að standa undir afskriftum og rekstri auk eðlilegrar ávöxtunar. Efni er verðlagt á sama hátt miðað við að standa undir innkaupum, flutningskostnaði og eðlilegri rýrnun og launa-

greiðslum samkvæmt viðteknum launatöxtum ásamt launatengdum gjöldum.

Á samdráttar- eða þenslutímum getur verðlagning vikið talsvert frá jafnvægisástandi. Á samdráttartímum getur t.d. orðið tímabundin lækkun á verðlagningu vinnuvéla og tækja. Verktakar reikna sér þá t.d. ekki afskriftir í ákveðinn tíma en verða á móti að ná þeim inn á þenslutíma. Sama á við um tímagjald vinnuafis og álagningu á efni en þar er sveiflan þó minni.

Uppruni frumþáttaverða

Frumþáttaverð efnisliða er að mestu leyti fengið úr verðsöfnun Hagstofunnar og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins vegna útreiknings þeirra á byggingarvísitölu, en einnig frá Kjararannsóknanefnd og úr verðskrárm stærstu byggingarefnissala. Oftast er miðað við verðlista-verð við ákvörðun frumþáttaverðs. Afsláttur sem verktakar kunna að fá er látinn vega á móti ófyrirséðum kostnaði og nauðsynlegum hagnaði verktaka.

Frumþáttaverð vélaliða er ákvarðað þannig að verktaki geti keypt vinnuvél, afskrifað hana með eðlilegum hætti miðað við eðlilegan endingartíma og notkun og greitt fyrir eldsneyti, viðhald og varahluti. Tímagjald vélstjóra er ekki innifalið í tímagjaldi tækja.

Breyting á útreikningi vinnuliða

Við útreikning á frumþáttaverði vinnuliða eru notuð meðallaun starfsstétta á landinu öllu samkvæmt könnun Kjararannsóknanefndar. Til að reikna útselda vinnu er miðað við að dagvinna sé 40 tímar á viku og yfirvinna 10 tímar. Ofan á vinnu er bætt við álagi vegna launatengdra gjalda. Meðaltímagjald er síðan reiknað og bætt við það þeim hluta virðisaukaskatts sem ekki fæst endurgreiddur. En 60% af virðisaukaskatti vegna vinnu manna á byggingarstað íbúðarhúsnæðis fást endurgreidd.

Þessi aðferð við ákvörðun vinnuliða var nú notuð í fyrsta skipti. Við fyrri endurreikninga hefur verið miðað við vinnuliði eins og þeir hafa verið í útreikningi Hagstofunnar á byggingarvísitölunni. Hagstofan er með útreikningi byggingarvísitölu fyrst og fremst að mæla breytingar á hreinum töxtum en ekki raunverulegan kostnað vinnuliða. Þessi aðferðarbreyting veldur því að vinnuliðir hækkuðu umfram venjulega vísitöluhækkun og þar af leiðandi einnig endurstofnverðið í heild.

Lægra hlutfall efnisliða – lægri afskriftir

Vegna breyttrar aðferðar við ákvörðun vinnuliða kom fram meiri hækkun á vinnuliðum en efnisliðum. Þess vegna breyttist hlutfallsleg skipting efnis-, vinnu- og vélaliða af heildarbyggingarkostnaði. Hlutfall vinnu manna og véla fyrir dæmigert steinsteypt íbúðarhús varð 48% í stað 45% áður. Þar sem vinnuliðir byggingarkostnaðar eru ekki afskrifaðir, heldur einungis efnisliðir, hefur hækkun á verði vinnuliðanna og þar með hærra hlutfall þeirra af heildarkostnaði í för með sér lægri heildarafskriftir að öðru óbreyttu.

Hvorki vinnu- né vélaliðir byggingarkostnaðar eru afskrifaðir í brunabótamati. Markmið með brunabótamati er að húseigandi fái bætur, skemmist hús hans í bruna, miðað við hvað kostar að endurbyggja eða lagfæra húsið þannig að það verði í sambærilegu ástandi og fyrir tjón. Sá kostnaður sem fellur til við vinnu manna og véla til þess að koma húsinu í sambærilegt ástand og fyrir tjón er hins vegar óháður því hvort húsið er gamalt eða nýtt, vel við haldið eða slitið.

Afskriftarmörk millitímaþátta

Jafnhliða endurreikningi á endurstofnverði var gerð breyting á afskriftarmörkum efnislegra afskrifta. Afskriftarmörk millitímaþátta við eðlilegt viðhald urðu 60% í stað 67% áður. Afskriftarmörk skammtímaþátta (100%) og langtímaþátta (30%)

Á ÁRINU 2002

urðu óbreytt fyrir eðlilegt viðhald. Samkvæmt könnun sem gerð var í tengslum við ákvörðun afskrifta var raunverulegt meðalástand millitíma-

þátta á bilinu 43-53%. Samkvæmt því eru nýju mörkin raunhæfari og vel innan öryggismarka.

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2002

	2002	2001
	<i>þús. kr.</i>	<i>þús. kr.</i>
Tekjur		
Umsýslugjald	226.931	199.653
Afnotagjöld af fasteignaskrá	149.805	140.809
Þjónustutekjur	3.108	3.470
Tekjur alls	<u>379.844</u>	<u>343.932</u>
 Gjöld		
Launagjöld	250.936	202.234
Önnur starfstengd gjöld	19.140	16.492
Rekstrarvörur og risna	14.290	15.349
Prentun, póstburðargjöld og sími	32.685	27.650
Aðkeypt þjónusta	98.365	73.213
Húsnæðiskostnaður	28.570	28.972
Rekstrargjöld samtals	443.986	363.910
Eignakaup	20.727	61.164
Gjöld alls	<u>464.713</u>	<u>425.074</u>
 Tekjuafgangur (halli) án ríkisframlags	<u>(84.869)</u>	<u>(81.142)</u>
 Ríkisframlag	<u>93.100</u>	<u>51.200</u>
 Tekjuafgangur (halli)	<u><u>8.231</u></u>	<u><u>(29.942)</u></u>

EFNAHAGSREIKNINGUR
31. DESEMBER 2002

	2002	2001
	<i>þús. kr.</i>	<i>þús. kr.</i>
Eignir		
Veltufjármunir:		
Viðskiptakröfur	116.280	107.702
Handbært fé	10.111	468
Veltufjármunir samtals	<u>126.391</u>	<u>108.170</u>
Eignir alls	<u><u>126.391</u></u>	<u><u>108.170</u></u>
 Skuldir og eigið fé		
Eigið fé		
Höfuðstóll í ársbyrjun	41.397	71.339
Lokafjárlög 1998	9.100	
Tekjuafgangur (halli) á árinu	8.231	(29.942)
Eigið fé samtals	<u>58.728</u>	<u>41.397</u>
 Skammtímaskuldir:		
Ríkissjóður	44.745	21.942
Viðskiptaskuldir	836	385
Ógreidd gjöld	22.082	44.446
Skammtímaskuldir samtals	<u>67.663</u>	<u>66.773</u>
Skuldir og eigið fé alls	<u><u>126.391</u></u>	<u><u>108.170</u></u>

ÚTDRÁTTUR ÚR VIÐHORFSKÖNNUN

Undanfarin þrjú ár hefur Gallup gert könnun á viðhorfi Íslendinga til Fasteignamats ríkisins. Það er orðinn fastur liður í ársskýrslu stofnunarinnar að birta hluta af þessari könnun og hér á eftir koma niðurstöður könnunar sem gerð var í fyrrihluta júlí árið 2002.


Ímynd Fasteignamats ríkisins

► Hversu vel þekkja Íslendingar hlutverk Fasteignamats ríkisins?

Eins og í fyrri könnunum töldu frekar fáir sig þekkja vel til hlutverks Fasteignamatsins eða um 17%. Um 70% töldu sig þekkja illa til hlutverks stofnunarinnar og 13% hvorki vel né illa. Karlar töldu sig fremur þekkja til Fasteignamatsins en konur og sömu sögu var að segja af íbúum höfuðborgarinnar. Ef litið er á tekjur þeirra sem spurðir voru þá kemur í ljós að þeir sem hafa hærri tekjur, voru í stjórnunarstöðum eða með framhaldsmenntun töldu sig þekkja betur til hlutverks stofnunarinnar en þeir sem höfðu lægri tekjur eða minni menntun og er það í samræmi við fyrri kannanir.

Athyglisvert er að þeim fækkar nokkuð frá síðustu könnun sem telja sig þekkja vel til stofnunarinnar og þeim fjölga að sama skapi sem telja sig þekkja illa til hennar. Í síðustu könnun töldu 22% þátttakenda sig þekkja vel til stofnunarinnar og 64% illa. Í könnuninni sem gerð var árið 2000 voru það hins vegar 74% sem töldu sig þekkja illa til hennar en 15% vel.


Óhætt er að draga þá ályktun af þessum tölum að sú mikla umfjöllun sem Fasteignamat ríkisins fékk á síðasta ári í tengslum við nýja fasteigna- og brunabótamatið hafi orðið til þess að fólk taldi sig þekkja betur til stofnunarinnar en áður. Eftir að umfjöllun fjölmiðla um nýja matið og stofnunina fjaraði út telja færri sig hafa mikla þekkingu á henni.



► Viðhorf gagnvart Fasteignamati ríkisins


Um 39% þátttakenda voru jákvæðir gagnvart Fasteignamati ríkisins, 14% voru neikvæðir og 47% hvorki né. Í þessum lið hafa orðið talsverðar breytingar frá síðasta ári en þá voru 37% þátttakenda jákvæðir gagnvart stofnuninni, 23% neikvæðir og 40% tóku ekki afstöðu. Þeir jákvæðu eru nú jafnmargir og 2000. Þeir sem eru hvorki jákvæðir né neikvæðir eru mun fleiri en bæði árin á undan og þeir sem eru neikvæðir eru umtalsvert færri en fyrr, 23% 2001 og 25% 2000.

Þessi niðurstaða gæti bent til að fólk telji fasteigna- og brunabótamat stofnunarinnar á eignum þess eðlileg eða það telji sig hafa fengið jákvæða úrlausn sinna mála í sambandi við endurmatið 2001.




► Er Fasteignamat ríkisins traust stofnun?

Um 73% þátttakenda töldu Fasteignamatið trausta stofnun, 16% hvorki né og aðeins 10% ótrausta. Þetta eru mun jákvæðari niðurstöður fyrir Fasteignamatið en undanfarin ár. Þeim sem telja stofnunina ótrausta fækkar um 7% og þeim sem telja hana trausta fjölgar um 4%. Þessar tölur eru í samræmi við það sem kom fram hér að ofan og benda til að fólk sé tiltölulega ánægt með starf stofnunarinnar. Lítil munur virðist á viðhorfum fólks eftir búsetu, menntun, tekjum og kynferði hvað þetta atriði varðar.



► Telur þú Fasteignamat ríkisins framsækna eða íhaldssama?

Mikill meirihluti þátttakenda telur Fasteignamatið íhaldssama stofnun en afgangurinn skiptist nánast í tvo jafna hluta. Þeim sem telja stofnunina framsækna fer hægt fjölgandi. Þeir voru 9% 2000, 11% 2001 og 14% 2002. Þeim sem telja Fasteignamatið íhaldssama stofnun fer að sama skapi fækkandi og munar þar um 9% frá árinu 2000 til 2002. Ekki virðist marktækur munur á viðhorfum fólks eftir búsetu, menntun, tekjum og kynferði hvað þetta atriði varðar.



FASTEIGNAMARKAÐURINN Á ÁRINU 2002

Þróun fasteignaverðs íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu


Vísitala fasteignaverðs íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 6,5% frá desember 2001 til desember 2002. Á sama tíma hækkaði fasteignaverð um 4,5% umfram almennt verðlag mælt með vísitölu neysluverðs. Til samanburðar hækkaði vísitala fasteignaverðs íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu um 3,3% frá desember 2000 til desember árið 2001 en fasteignaverð lækkaði að raunvirði um 4,9% á sama tíma.

Breyting milli 12 mánaða gilda á vísitölu fasteignaverðs íbúðarhúsnæðis sem fór lækandi frá febrúar 2000 breytti um stefnu í maí 2002 og hefur hækkað síðan. Tólf mánaða hækkun vísitölu fasteignaverðs íbúðarhúsnæðis var minni en samsvarandi breyting á vísitölu neysluverðs frá júlí 2001 til ágúst 2002, eða með öðrum orðum, raunverð fasteigna lækkaði milli 12 mánaða á þessu tímabili.

Á árunum 1999 og 2000 fylgdust 12 mánaða breytingar á verði íbúðarhúsnæðis og vísitölu neysluverðs að. Hækkandi fasteignaverð hélst í hendur við hækkandi vísitölu neysluverðs og öfugt. Verð íbúðarhúsnæðis vegur þungt í vísitölu neysluverðs þannig að þessi fylgni þarf ekki að koma á óvart. Þegar verðbólga tók kipp á árinu 2001 hélt hins vegar áfram að draga úr hækkun á fasteignaverði. Skömmu eftir að verðbólgan fór að hjaðna snemma árs 2002 tók fasteignaverð að hækka á ný. 12 mánaða breytingar vísitölu neysluverðs og vísitölu fasteignaverðs íbúðarhúsnæðis héldu svo áfram að stefna í gagnstæðar áttir það sem eftir lifði árs.


Upplýsingar um þróun fasteignaverðs er að finna í töflu 3.3.

Þróun fasteignaverðs íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu*



Mynd 1

Tólf mánaða breyting á fasteignaverði og vísitölu neysluverðs




Mynd 2

Fasteignaverð atvinnuhúsnæðis

Hafa verður fyrirvara á upplýsingum um fasteignaverð atvinnuhúsnæðis, þær eru ekki jafn áreiðanlegar og upplýsingar um íbúðarhúsnæði. Færri viðskipti eru skráð með atvinnuhúsnæði og þær eignir sem seljast eru mjög breytilegar að allri gerð. Þó má sjá að þróun fasteignaverðs atvinnuhúsnæðis snerist við á árinu 2002. Verð tók að hækka aftur eftir lækkun sem varað hafði frá því á fyrri hluta ársins 2001.

Þróun fasteignaverðs atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu* (ársfjórðungstölur)




Mynd 3

Velta á fasteignamarkaði

Samkvæmt bráðabirgðatölum nam heildarvelta fasteignaviðskipta á landinu öllu 127.782 milljónum og fjöldi samninga var 10.034 á árinu 2002. Samkvæmt þessum bráðabirgðatölum fjölgaði samningum um 6,4% á milli árána 2001 og 2002 og velta jókst um 10,4%. Á milli árána 2000 og 2001 fækkaði samningum hins vegar um 7,5% og veltan jókst um 1,1%.

Velta og fjöldi kaupsamninga í fasteignaviðskiptum 1990-2002*




Mynd 4

Upplýsingar um þróun veltu og fjölda kaupsamninga má finna í töflu 2.1.

Hlutdeild Reykjavíkur var 48% af heildarveltu fasteignaviðskipta á landinu öllu og höfuðborgarsvæðið* án Reykjavíkur átti 31% veltunnar. Viðskipti með eignir á Reykjanesi námu 5% af heildarveltu á landinu, 3% veltunnar var á Vesturlandi, 1% á Vestfjörðum, 7% á Norðurlandi, 1% á Austurlandi og 4% á Suðurlandi. Eins og sjá má á mynd 5 hafa þessi hlutföll verið nokkuð stöðug undanfarin ár.

Skipting heildarveltu í fasteignaviðskiptum milli landshluta 1998-2002



Mynd 5

Upplýsingar um veltu og fjölda kaupsamninga í einstökum sveitarfélögum má finna í töflum 2.2 og 2.3.


* Undir höfuðborgarsvæðið fellur Reykjavík, Kópavogur, Seltjarnarnes, Garðabær, Hafnarfjörður, Bessastaðarhreppur, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Fjármögnun íbúðarhúsnæðis

Hlutfall útborgunar, þ.e. sá hluti kaupverðs sem inntur er af hendi með beinhörðum peningum á fyrsta ári frá undirritun kaupsamnings, var 40,6% á árinu 2002. Það er lækkun frá árinu á undan þegar þetta hlutfall var 43,1%. Sá annmarki er á þessum upplýsingum að ekki er unnt að vita hvort eða að hve miklu leyti kaupandi fær lán til að greiða útborgunina.

Hlutdeild húsbrefa var 3,1% árið 2002 en var 2,5% árið 2001. Fasteignir og lausafé notuð sem greiðsla upp í aðra eign nam 2,4% af veltu árið 2002 en var 2,1% árið á undan. Hlutdeild fasteignaveðbrefa sem eru skiptanleg fyrir húsbref var 24,4% en var 23,1% árið á undan. Yfirtekin lán húsbrefakerfis voru 21,1% á árinu 2002 en 19,9% árið á undan. Hlutdeild yfirtekinna lána Byggingasjóðs ríkisins var 5,4% en var 6,4% árið 2001 og hlutdeild annarrar fjármögnunar, sem inniheldur m.a. yfirtekin lífeyrissjóðslán, var 3% árið 2002 eins og árið á undan.

Upplýsingar um fjármögnun íbúðarhúsnæðis má finna í tölum 4.1 og 4.2.




Mynd 6

Aldur mannvirkja á Íslandi

Árið 2002 var veginn meðalaldur mannvirkja á Íslandi tæplega 29 ár en var 25 ár og tæpir sex mánuðir árið 1994. Á þessu átta ára tímabili hækkaði veginn meðalaldur mannvirkja á landinu því um þrjú og hálf ár. Þessar upplýsingar eru byggðar á gögnum í Landskrá fasteigna. Veginn meðalaldur merkir að aldur mannvirkis er veginn með áætluðum byggingarkostnaði þess. Þetta þýðir að mannvirki sem kostar 100 milljónir að reisa vegur tífalt á við mannvirki sem kostar 10 milljónir.

Veginn meðalaldur mannvirkja á Íslandi 1994 og 2002




Mynd 7

Meðalaldur mannvirkja á höfuðborgarsvæðinu var 27 ár og 5 mánuðir árið 2002 en var 24 ár og 9 mánuðir árið 1994. Á Reykjanesi var meðalaldurinn 27 ár og 4 mánuðir árið 2002 en var 23 ár og 4 mánuðir árið 1994. Á Vesturlandi var meðalaldurinn 30 ár og 11 mánuðir árið 2002 en var 26 ár og 7 mánuðir árið 1994. Á Vestfjörðum var meðalaldur mannvirkja 35 ár og 7 mánuðir árið 2002 en var 28 ár og 11 mánuðir 1994. Á Norðurlandi vestra var meðalaldur 33 ár og sex mánuðir en var rétt tæp 27 ár árið 1994. Á Norðurlandi eystra var meðalaldur 32 ár og 7 mánuðir árið 2002 en var 27 ár og 11 mánuðir árið 1994. Á Austurlandi var meðalaldur mannvirkja árið 2002 30 ár og 11 mánuðir en var 26 ár og 2 mánuðir árið 1994. Á Suðurlandi var meðalaldurinn 28 ár og 9 mánuðir árið 2002 en var 25 ár og 2 mánuðir árið 1994.

En meðalaldurinn einn og sér segir ekki alla söguna. Til þess að átta sig á þeirri þróun sem á sér stað er mikilvægt að líta til þess hvernig meðalaldurinn breytist á milli ára. Ef engar byggingarframkvæmdir eiga sér stað og enginn mannvirki eru lögð af eldast mannvirkin um eitt ár á hverju ári.

Öldrun mannvirkjastofnsins á hverju ári að jafnaði 1994-2002



Mynd 8

Á mynd 8 gefur að líta árlega hækkun meðalaldurs mannvirkja á ári að jafnaði á árunum 1994 til 2002. Á landinu öllu hefur meðalaldur mannvirkja hækkað um rúma fimm mánuði á hverju ári. Á höfuðborgarsvæðinu er öldrunin minnst, þar hækkaði aldurinn aðeins um tæpa fjóra mánuði á ári. Meðalaldur mannvirkja á Reykjanesi og Suðurlandi hækkaði um tæpa sex mánuði á ári, á Vesturlandi hækkaði hann um rúma sex mánuði, tæpa sjö mánuði á Norðurlandi eystra og rúma sjö á Austurlandi. Á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra hækkaði meðalaldur mannvirkjanna um tæpa tíu mánuði á ári.

Um mismunandi húsnæðisstefnu Norðurlandanna

Jón Rúnar Sveinsson

Húsnæðisstefna Norðurlandanna fimm – Íslands, Noregs, Danmerkur, Svíþjóðar og Finnlands – er um margt ólík. Þannig búa Danir og Svíar að leiguíbúðakerfi sem notið hefur öflugt opinbers stuðnings og er öllum opið, meðan Íslendingar, Finnar og Norðmenn fá aðeins aðgang að slíku húsnæði geti þeir sannað fátækt sína. Af Norðurlandabjóðunum gengu Svíar lengst í uppbyggingu húsnæðiskerfis, sem í það minnsta á blómatíma sænska velferðarríkisins náði að verða óaðskiljanlegur hluti þess. Við Íslendingar höfum aftur á móti farið okkur hægast Norðurlandabjóðanna við að samfélagsvæða húsnæðiskerfi okkar.

Húsnæðisstefna Norðurlandanna hefur verið í talsverðu uppnámi um nokkurra ára skeið. Þetta tengist þeim aldahvörfum og endurmati allra gilda sem sett hefur svip á framvindu veraldarsögunnar frá lokum „20. aldar hinnar skemmri“ árið 1991.¹ Húsnæðisstefnan gegnir nú mun minna hlutverki en áður í framvindu samfélagsþróunarinnar. Fram hjá því verður þó ekki litið að heildarárangurinn sem náðst hefur meðal hinna norrænu þjóða á sviði húsnæðismála er býsna góður. Þetta á við hvort sem miðað er við almennt gæðamat húsnæðisins ellegar húsrými mælt sem fermetrafjöldi á hvern íbúa. Þetta þýðir þó ekki að Norðurlandabúar geti nú látið staðar numið á sviði húsnæðismála og horft sáttir yfir farinn veg. Í upphafi nýrrar aldar eru enn sem fyrr til staðar margvíslegar áskoranir í húsnæðismálum jafnt sem öðrum velferðarmálum.

Sundurleit og fjölbreytileg þróun norrænna húsnæðiskerfa á sér að nokkru leyti rætur í

mismunandi sögulegri þróun Norðurlandabjóðanna fimm. Hér á eftir er ætlunin að varpa ljósi á nokkra meginþætti í þróun húsnæðiskerfa á Norðurlöndum.

Ólíkur sögulegur bakgrunnur

Þjóðir Norðurlanda eru um margt afar líkar hvað snertir sögu, menningu og lífsviðhorf. Þrjár þeirra, Norðmenn, Danir og Svíar – auk sænskumælandi Finna í Finnlandi – skilja mál hver annarrar nokkuð auðveldlega, auk þess sem við Íslendingar tölum tungumál sem enn í dag er nauðalíkt sameiginlegri forntungu norrænna manna. Finnar hafa hins vegar nokkra sérstöðu í norrænu þjóðafjölskyldunni, þar sem tunga þeirra er gerólík tungum hinna þjóðanna. Aldagömul menningar- og ríkistengsl Finnlands við Svíþjóð hafa hins vegar gert það að verkum að vensl Finnlands við Norðurlönd vege mun þyngra en tengsln austur á bóginn. Jafnvel finnsk tunga er ekki laus við norræn áhrif, þar er að finna mikinn fjölda orða af norrænum uppruna og málfarsáhrif frá sænsku eru veruleg.

Ríkjamyndun á Norðurlöndum hófst upp úr árinu 800 og er talið að ríki karlunga á meginlandi Evrópu hafi verið hin mikla fyrirmynd þeirra norrænu höfðingja er börðust til ríkis um það leyti er Ísland byggðist fyrir rúmri þúsöld. Danmörk var lengi vel öflugasta ríkið á Norðurlöndum, en á 16. og 17. öld efldist Svíþjóð stöðugt á kostnað Danaveldis. Norðurlöndin skiptust – allt þar til fyrir um 100 árum – í yfirráðasvæði konunga Danmerkur og Svíþjóðar og áttu þessi ríki í linnulitlum styrjöldum um tveggja til þriggja alda skeið. Hið norska

¹ Hobsbawn, Eric, *The Age of Extremes – The Short Twentieth Century 1914-1991* (London, 1995).

Atlantshafsstórveldi 13. aldar var löngu horfið í hafrót sögunnar en stofnun sjálfstæðra ríkja í Finnlandi og á Íslandi átti sér ekki stað fyrr en snemma á 20. öld.

Ofangreindar staðreyndir fela það í sér að Norðurlöndin fimm búa við mjög ólíkar ríkishefðir; þróun og uppbygging ríkisvalds varð með afar mismunandi hætti og á ólíkum tímum. Ólík framvinda myndunar þjóðríkja er e.t.v. ein helsta orsök þess að á Norðurlöndum er að finna fimm ríki en ekki t.d. eitt, líkt og á tímum Kalmar-sambandsins, eða þau tvö sem náðu yfir núverandi Norðurlandsvæði og meira til um aldir. Á 17. öld tókst Svíþjóð að ná skammvinnri stórveldisstöðu með því að þróa samtímis sterkt konungsvald og hervald. Hið fræga tvístirni í sænskri sögu, konungurinn Gustav II Adolf og aðalsmaðurinn Axel Oxenstierna, upphafsmaður sænskrar stjórnýsluhefðar, lögðu grunninn að sænska herveldinu m.a. með því að stofna með tilskipunum tugi nýrra bæja og borga.² Þar með mótaðist ákveðin hefð fyrir miðstýringu og að ganga í takt við vilja stjórnvalda. Þarna má segja að lagður hafi verið grunnur að sterkri ríkis- og samfélagshyggju Svía, sem á 20. öld átti eftir að verða undirstaða uppbyggingar öflugss og samræmds velferðarkerfis. Uppbygging sænska húsnæðiskerfisins ber einnig sænskri samstöðustefnu og heildarhyggju glöggt vitni þar sem það er ríkisvaldið sem heldur á tónsprotanum.

Í Danmörku hefur húsnæðisþróunin um sumt verið lík hinni sænsku en áherslan á hlutverk félagsshreyfinga er áberandi meiri þar en í Svíþjóð.³

Hin Norðurlöndin þrjú, Finnland, Noregur og Ísland, voru fyrr á öldum hjálendur Svíþjóðar og Danmerkur. Afskiptaleysi – að ekki sé sagt vanræksla – einkenndi afstöðu Danakonunga gagnvart Íslandi, t.d. var það fyrst undir lok 18. aldar að Danir létu sér detta í hug að stofna kaupstaði á Íslandi og hafði slíkt þó verið mikilvægt viðfangsefni konungsvaldsins bæði í Danmörku og Svíþjóð um nokkurra alda skeið.

Norræna velferðarríkið og húsnæðismálin

Öll Norðurlöndin fimm búa í dag við öflugt velferðarríki. Svíar lögðu fyrstir Norðurlandabúa inn á þessa braut í byrjun fjórða áratugarins⁴, Danir og Norðmenn litlu síðar en Íslendingar og Finnar ráku lestina. Að áliti fræðimanna skortir enn verulega á örlæti hins íslenska velferðarríkis í samanburði við það sem þekkest annars staðar á Norðurlöndum.⁵ Í þá bresti hefur þó lengst af verið barið með öflugri ættartengslum og fjölskylduböndum en víða annars staðar. Eftir því sem ferð Íslendinga úr heildstæðu sveitasamfélagi inn í margbrotið borgarsamfélag vindur fram gæti þetta þó verið að breytast.

Frá vissu sjónarhorni má segja að velferðaradgerðir 20. aldarinnar séu ekki jafnmikil nýjung og oft er haldið fram; mannlegt samfélag hefur gegnum aldirnar, veitt „velferðaraðstoð“ með einum eða öðrum hætti, þótt orðræða velferðarþjóðfélagsins sé 20. aldar fyrirbæri.⁶ Það hefur hins vegar eingöngu verið í þróuðu markaðsskipulagi sem velferðarhlutverkið hefur í verulegum mæli verið fengið ríkinu í hendur. Á Íslandi

² Sandberg, Robert, „Town and country in Sweden, 1450-1650“, *Town and Country in Europe, 1300-1800*. Ritstj. S. R. Epstein. (Cambridge, 2001), bls. 30-53.

³ Sjá Lind, Olaf og Møller, Jonas, *FolkeBolgig – BoligFolk. Politik og praksis i boligbevægelsens historie* (Kaupmannahöfn, 1994).

⁴ Fyrstu rætur velferðarríkisins á Norðurlöndum eru þó mun eldri, sem ýmiss konar lagasetning allt frá lokum 19. aldar ber vitni um. Sjá Baldwin, Peter, *The Politics of Social Solidarity – Class Bases of the European Welfare State 1875-1975* (Cambridge, 1990).

⁵ Stefán Ólafsson, *Íslenska leiðin – Almennatryggingar og velferð í fjölþjóðlegum samanburði* (Reykjavík, 1999). – Harpa Njáls, *Fátækt á Íslandi við upphaf nýrrar aldar – Hin dulda félagsgerð borgarsamfélagsins* (Reykjavík, 2003).

⁶ Sjá t.d. Rose, Richard og Shiratori, Rei (ritstj.), *The Welfare State East and West* (Oxford, 1986).



*Fógetinn ber út danska verkamannafjölskyldu árið 1892. Kröpp húsnæðiskjör alþýðu manna á Norðurlöndum kölluðu á umbóta-
viðleitni í húsnæðismálum. Málverk eftir málarann Erik Henningsen. (Lind, Olaf og Møller, Jonas, FolkeBolíg-BolígFolk,
(Kaupmannahöfn, 1994), bls. 45)*

er þessi flutningur yfir til ríkisins að mörgu leyti nokkuð vel á veg kominn, eins og hið tæknilega háþróaða heilbrigðiskerfi okkar ber ljóst vitni um. Það er jafnframt ljóst að íslenskt þjóðfélag einkennist einnig af margvíslegri velferðartengdri starfsemi er byggist á gagnkvæmri aðstoð og frjálsum sjálfbodastörfum, eins og sést vel í starfi björgunarsveita og líknarféлага.⁷

Megininntak velferðaraðgerða felst í viðleitni til að leiðrétta dreifingu framleiðsluafurða, vöru eða þjónustu í markaðsskipulagi. Kjarni velferðaraðgerða er einhvers konar efnahagsleg afkomu-
trygging, sem birtist í því að velferðarríki nútímans hefur tekið að sér þau verkefni sem áður heyrðu undir svonefnda fátækrahjálp og bæði dýpkað og breikkað þetta aldagamla verk-

svið samfélagsins. Í afkomu-tryggingunni felast ákveðin lágmarkslífsgæði sem náð er fram með aðgerðum eins og greiðslu ellilífeyris, bóta til handa fötluðum, sjúkradagpeningum og slysa-
bótum, atvinnuleysisbótum og barnabótum.

Næst hinum miðlægu velferðaraðgerðum gegn tekjumissi og fátækt er heilbrigðiskerfið, sem hefur það markmið að tryggja öllum almenningi viðtæka og endurgjaldslausu heilsugæslu. Nokkru lengra frá kjarna velferðaraðgerðanna er svo rétt að staðsetja menntakerfið. Menntamál eru raunar ekki alltaf hluti velferðarkerfisins; menntakerfið í löndum Engilsaxa er t.d. að töliverðu leyti rekið af einkaaðilum.

Að húsnæðismál séu hluti velferðarkerfisins er þó

⁷ Sjá Jón Rúnar Sveinsson, *Society, Urbanity and Housing in Iceland* (Gävle, 2000), 6. kafli.

engan veginn sjálfgefið, sem sést á því að í fræðilegri umfjöllun um velferðarkerfi mismunandi landa er það mjög undir hælinn lagt hvort húsnæðismál eru talin með eða ekki.⁸

Menntun og lífeyrisgreiðslur einkennast af því að „afhending“ þjónustunnar stendur yfir um langan tíma og þjónustan þarf að vera stöðug og jöfn. Mennta- og heilbrigðiskerfin hafa í þjónustu sinni stóra hópa af sérhæfðum fagstéttum en slíku er alls ekki að heilsa hvað húsnæðiskerfið varðar. Vissulega er til fámennur hópur skrifstofufólks og húsnæðisfulltrúa sem starfa hjá ráðuneytum, opinberum húsnæðisstofnunum og sveitarstjórn-um en þeir ná ekki að mynda neinar sérstakar starfstéttir sem bera mætti saman við fagstéttir velferðarkerfisins.⁹

Húsnæðiskerfið er þannig með vissum hætti átaksvæði ríkisins og markaðarins, sem í það minnsta í flestum löndum Vestur-Evrópu var á eftirstríðsárunum hertekið að allmiklu leyti af velferðarríkinu. Undir lok 20. aldar, þegar velferðarþjóðfélagið var hvarvetna á hröðu undanhaldi, kom það því engum á óvart að það var einmitt húsnæðiskerfið sem víða um lönd var það félagsmálasvið sem markaðurinn lagði fyrst undir sig á nýjan leik.

Húsnæði sem mannréttindi

„Húsnæði er mannréttindi, ekki markaðsvara“ var eitt helsta kjörorð sænskra jafnaðarmanna á hinni kratísku gullöld Tage Erlanders og Olofs Palme. Í seinni tíð hefur þetta fagra markmið átt æ meira undir högg að sækja.

Hinn þekkti félagsfræðingur, Thomas H. Marshall, einn helsti upphafsmaður nútíma-umræðu um mannréttindi lýðræðisþjóðfélagsins, skilgreindi á sínum tíma þrjá helstu meginþætti mannréttinda:

Í fyrsta lagi borgaraleg réttindi, í öðru lagi pólitísk réttindi og í þriðja lagi félagsleg réttindi. Alþýðan öðlaðist borgaraleg og pólitísk réttindi – oft eftir harðvítuga baráttu – á 18. og 19. öld, meðan félagslegu réttindin eru 20. aldar fyrirbæri sem að sjálfsögðu birtast skýrast í þróun velferðarþjóðfélagsins á síðari hluta aldarinnar. Einnig má segja að almennt séu borgaraleg og pólitísk réttindi einstaklingsbundin, meðan hin félagslegu réttindi snúast um gagnkvæm réttindi og skyldur á vettvangi samfélagsins í heild.¹⁰

Húsnæði, eins og önnur félagsleg réttindi, telst til jákvæðra réttinda, þ.e. réttinda til þess að öðlast eitthvað. Fræðimenn tala einnig um neikvæð réttindi, það er að segja réttinn til þess að vera laus undan einhverju. Með öðrum orðum mætti tala um frelsi til einhvers og frelsi frá einhverju. Við höfum rétt til ókeypisskólalagöngu og rétt til þess að fá húsnæðislaán hjá Íbúðalánasjóði; við höfum rétt til þess að sleppa frá símahlerunum lögreglu og að börnunum okkar séu innrættar einhverjar tiltekna trúarhugmyndir í skólanum. Frjálshyggjumenn nútímans með fræðimenn eins og Robert Nozick¹¹ í fararbroddi leggja megináherslu á hin neikvæðu réttindi. Meginþáttur hugmyndafræði þeirra felst í að menn eigi að vera lausir undan sem mestu af afskiptum ríkisvaldsins svo sem skattlagningu, þ.e. að ríkið taki fjármuni eins þjóðfélagsþegns traustataki til

⁸ Sjá Kemeny, Jim, *Housing and Social Theory* (London, 1992), 5. kafla.

⁹ Torgersen, Ulf, „Housing, the Wobbly Pillar under the Welfare State“, *Between State and Market: Housing in the Post-Industrial Era*. Ritsjtj. B. Turner, J. Kemeny og L. J. Lundquist (Gävle, 1987), bls. 106-126.

¹⁰ Marshall, Thomas H., „Medborgarskap och klass“, *Idéer om reformism – volym 4 i Tidens idéserie*. (Stokkhólmi, 1991), bls. 21-89.

¹¹ Nozick, Robert, *Anarchy, State and Utopia* (London, 1978). Sjá greiningu á kenningum um félagsleg mannréttindi: Bengtsson, Bo, „Housing as a Social Right: Implications for Welfare State Theory“, *Scandinavian Political Studies*, Vol. 4 – No. 4, (2001), bls. 255-275.

Þess að styrkja einhvern annan, svo sem með því að greiða niður fyrir hann kostnað við húsnæði eða miða á sínfóniútónleika.

Þeir sem andmæla rökum frjálshyggjumanna hvað varðar húsnæði benda á að frelsis verði ekki notið utan við stað og tíma, menn þurfa að geta verið einhvers staðar þar sem þeir ráða yfir sínu eigin rými sjálfir til þess að geta notið þess frelsis sem er upphaf og endir í fagnaðarboðskap nýfrjálshyggjunnar. Heimilisleysi svipti menn því frelsi sem sé forsenda alls annars frelsis. Af þessum sökum telja þeir, sem andmælt hafa mönnum eins og áður nefndum Robert Nozick, réttlæt看legt að opinberir aðilar taki virkan þátt í að tryggja öllum þjóðfélagsþegnum lágmarksréttindi til húsnæðis.¹²

Gæta verður að því að húsnæði hefur mikla sérstöðu sem félagsleg réttindi, þar sem afskipti ríkisins af málaflökknum fara að verulegu leyti í gegnum markaðinn. Ríkið leiðréttir markaðinn við dreifingu húsnæðisgæða til almennings, hið opinbera tekur ekki alfarið að sér að koma öllum í viðunandi húsnæði. Það sér hins vegar þegnum fyrir heilbrigðisþjónustu og menntun. Gjaldtaka í heilbrigðiskerfinu og skólagjöld er mjög umdeild. Hins vegar er óumdeilt að menn borgi húsnæði að stærstum hluta sjálfir, ríkið kemur aðeins inn í myndina með ýmiss konar aðstoð gegnum niðurgreiðslu hluta húsnæðiskostnaðar.

Húsnæði er því vissulega félagslegur réttindapáttur en ólíkt öðrum slíkum félagslegum velferðarþáttum er það látið þegnum í té í gegnum markaðskerfið með meiri eða minni, beinum eða óbeinum, stuðningi frá opinberum aðilum.

Sænski fræðimaðurinn Bo Bengtsson hefur í ritum sínum staðsett húsnæðiskerfið á miðju átakasvæði velferðarkerfisins og markaðskerfisins og er niðurstaða hans sú að kalla megi húsnæðiskerfið „markaðsvöru velferðarþjóðfélagsins“.¹³ Í þessu felst að húsnæði er ekki einn af sjálfgefnum og ókeypis réttindapáttum velferðarríkisins á borð við heilsugæslu og menntun sem menn njóta umyrdalaust þegar þeir þurfa á viðkomandi þjónustu að halda. Megintækið til þess að uppfylla húsnæðisþarfir fólks hefur víðast hvar verið markaðurinn, opinberar húsnæðisaðgerðir miðast fyrst og fremst að því að leiðrétta ákveðnar skekkjur (e. *market imperfections*) sem ætíð koma fram á hinum frjálsa markaði. Þessar skekkjur hafa sögulega séð verið mjög áberandi á húsnæðismarkaðinum og því samþykkja margir hagfræðingar, sem að öðru leyti hafna opinberum markaðsafskiptum, með semingi takmarkaðar opinberar aðgerðir á húsnæðismarkaði. Bent er á að húsnæði hefur margþætta sérstöðu sem framleiðslu- og neysluvara: það er grunnþörf allra manna og þess verður ekki aflað með góðu móti án einhvers konar lánsfjármögnunar. „Neysla“ þess fer fram á afar löngum tíma og hún er – svo fremi menn búi ekki í húsvagni eða á fljótabáti – staðbundin. Bengtsson segir: „Ef allir hafa efni á að kaupa brauð, þá þarf engar aðgerðir af ríkisins hálfu á brauðmarkaðinum. Það er heldur ekki ástæða fyrir opinberri stýringu að það kunni að vera örðugt að finna góðan einkaþjón eða ódýra demanta á almennum markaði.“¹⁴ Húsnæði er aftur á móti brýn nauðsynjavara og markaðurinn einn og sér megnar ekki að tryggja nægjanlegt framboð þess. Einmitt þetta er grundvallarréttlæt看ing

¹² Sjá Waldron, Jeremy, „Homelessness and the Issue of Freedom“, *Liberal Rights: Collected Papers, 1981-1991*. (Oxford, 1993), bls. 309-338.

¹³ Bengtsson, Bo, *Bostaden – välfärdsstatens marknadsvara* (Uppsöllum, 1995). Bengtsson, Bo og Rothstein, Bo, „Precisionsbombningens problem – välfärdsstaten och bostadspolitiken“, *Bostadsmarknaden på 2000-talet*. Ritsjtj. Åke Andersson (Kristianstad, 1997), bls. 246-298.

¹⁴ Sama heimild, bls. 270.

leiðréttinga af hálfu velferðarríkisins á starfsemi húsnæðismarkaðarins.

Ólík húsnæðisstefna Norðurlandanna

Rétt er að líta nánar á húsnæðisstefnu Norðurlandanna hvers fyrir sig. Í stuttu máli má segja að Svíar hafa rekið mjög samvirka húsnæðisstefnu, Íslendingar brotakennda en jafnframt að mörgu leyti býsna árangursríka stefnu, Norðmenn hafi hins vegar rekið sérstakan húsnæðisbanka og stutt sterklega við bakið á húsnæðissamvinnufélögum. Danir hafa farið millivegin og stuðlað að átaki frjálsra félagsamtaka innan leiguíbúðageirans og Finnar hafa – eins og Íslendingar – beitt félagslegum aðgerðum til þess að efla eignaríbúðamarkaðinn.

Sænsk húsnæðisstefna er einstök að því leyti að jafnaðarmenn hafa lengst af verið einráðir um mótun hennar. Að undanteknum 9 árum hefur flokkurinn verið óslitið í ríkisstjórn undanfarin 70 ár, lengst af með stuðningi frá vinstri og því yfirleitt ekki þurft að gera málamiðlanir við borgaralegu flokkana um mótun húsnæðisstefnunnar. Niðurstaðan er eðlilega sú að sænsk húsnæðisstefna hefur verið meira félagslega sinnuð en raunin hefur verið í nokkur öðru landi heims og hvergi hefur tekist að skapa húsnæðisstefnu sem minna er háð markaðsöflunum.

Strax við upphaf valdaskeiðs jafnaðarmanna hófst að sænskri venju víðtækt starf í sérstakri nefnd um félagslega hlið húsnæðismálanna – „den Bostadssociala utredningen“. Litríkasti nefndarmaðurinn var án efa arkitektinn Sven Wallander, leiðtogi og einn af helstu stofnendum HSB, landssamtaka sænsku húsnæðissamvinnufélag-

anna, sem stofnuð voru árið 1923 að frumkvæði sænsku Leigjendasamtakanna, „Hyresgästernas riksförbund“.¹⁵

Sænsku húsnæðissamvinnufélögin náðu þegar á millistríðsárunum verulegri útbreiðslu, þó svo að þau næðu ekki því markmiði að verða viðráðanlegur húsnæðisvalkostur fyrir þá lægst launuðu. Kreppan á 4. áratug liðinnar aldar seinkaði víðtækum aðgerðum í sænskum húsnæðismálum en þó jukust íbúðabyggingar verulega er leið á áratuginn og var þá að hluta til um að ræða aðgerðir til þess að berjast gegn áhrifum heimskreppunnar.

Eftir lok síðari heimsstyrjaldarinnar urðu tímamót í húsnæðismálum Svía en þá var gengið í það af krafti að hrinda í framkvæmd tillögum húsnæðisnefndarinnar. Innan raða jafnaðarmanna gætti í fyrstu vissrar togstreitu um það hvort efla ætti húsnæðissamvinnufélögin eða byggja upp öflugt leiguíbúðakerfi sveitarfélaga með svipuðum hætti og þá hafði þegar verið gert í Bretlandi. Niðurstaðan varð sú að í rauninni voru báðar leiðirnar farnar og af þeim sökum eru til staðar í Svíþjóð bæði mjög öflugur félagslegur leiguíbúðageiri og



Arkitektinn Sven Wallander (1890-1968) stofnandi HSB í Svíþjóð og einnig áhrifavaldur í norskum húsnæðismálum. (Annaniassen, Erling, *Hvor Nr. 13 ikke er ...*, (Oslo, 1991), bls. 173)

¹⁵ Bengtsson, Bo, „Organisationerna och bostadspolitiken i Sverige – ett avvikande fall?“, Bengtsson, Bo, *Bostaden – välfärdsstatens marknadsvara*, VIII hluti, bls. 8.

öflug húsnæðissamvinnuhreyfing. Viða er þó svæðisbundinn munur á því hvor kosturinn hefur orðið ofan á og á það sér oft skýringar í staðbundnu pólitísku landslagi fyrst eftir stríð.¹⁶

Öflug uppbygging íbúðarhúsnæðis í Svíþjóð á eftirstríðsárunum tengdist hraðri þéttbýlismyndun á þeim tíma og margt af því sem gert var í skipulagsmálum vakti heimsathygli.¹⁷ Með milljóníbúðaáætluninni (s. *miljonprogrammet*) sem ráðist var í á árunum 1965-1975 var svo endanlega útrýmt mestöllu úr sér gengnu og óíbúðarhæfu húsnæði. Hraðinn í uppbyggingunni og yfirgengileg stærð sumra þeirra íbúðarhverfa sem ráðist var í að byggja átti þó eftir að sæta töluverðri gagnrýni. Milljóníbúðaáætlunin var barn síns tíma, þegar menn uppgötvuðu að hægt var að beita færibandavinnubrögðum við íbúðabyggingar. Árangurinn af slíkum aðferðum hefur víða um heim verið lakari en raunin varð í Svíaríki.

Á 9. áratug 20. aldar urðu margvíslegar breytingar í grunngerð sænsks efnahagslífs og jafnframt var úr sögunni ákveðin samstaða allra stjórn málaafna um hið sósíaldemókratíska velferðarkerfi. Sú samstaða sást til að mynda af því að ríkisstjórn borgaraflokkanna 1976-1982 hélt í rauninni í meginráttum áfram húsnæðispólitík jafnaðarmanna frá áratugunum á undan. Allt annað var hins vegar uppi á teningnum hjá borgaralegri ríkisstjórn hægri mannsins Carls Bildts á árunum 1991-1994. Hún réðst í mjög veigamiklar breytingar á sænska húsnæðiskerfinu, sem fólust m.a. í því að dregið var verulega úr niðurgreiðslum húsnæðiskostnaðar til almennings. Einnig var stofnanaumhverfi húsnæðismála stokkað upp. Húsnæðismálaráðu-

neytið var t.d. lagt niður. Þessar aðgerðir leiddu til þess að íbúðabyggingar í Svíþjóð nánast stöðvuðust á 10. áratug nýliðinnar aldar og sænski húsnæðisgeirinn var endanlega sviptur þeirri sérstöðu sem hann hafði haft í sænskrí félagsmálastefnu. Þær ríkisstjórnir jafnaðarmanna sem setið hafa að völdum í Svíþjóð frá árinu 1994 til dagsins í dag hafa á engan hátt reynt að snúa til baka, þvert á móti hafa þær í stórum dráttum haldið áfram þeirri markaðsvæðingu húsnæðisgeirans sem hófst á stjórnárum Carls Bildts. Jafnaðarmenn hafa þó staðið sterkan vörð um félagslega leiguíbúðakerfið. Efnahagsuppsveifla síðustu ára hefur að undanfögnu valdið merkjanlegum yfirþrýstingi á leigumarkaði á stórborgarsvæðunum, á sama tíma og sveitarstjórnir undir forystu borgaraflokkanna hafa, í andstöðu við ríkisstjórn Görans Perssons, í nokkrum mæli verið að selja íbúðir út úr félagsíbúðakerfinu.

Danmörk er landfræðilega nær hjarta Evrópu en hin Norðurlöndin, enda í fyrndinni sú brú sem forfeður norrænna manna fóru um á langri leið sinni norður á bóginn. Það var því edlilegt að borgarmening þróaðist fyrir í Danmörku en á hinum Norðurlöndunum. Þannig bjuggu um 20% Dana í borgum og bæjum þegar á 17. öld.¹⁸

Í Kaupmannahöfn braust út mannskæður kólerufaraldur árið 1853 og var ekki síst um að kenna óheilsusamlegu húsnæði og miklu þröngbýli. Danska læknafélagið hvatti borgarstjórnina til þess að beita sér fyrir heilsusamlegum íbúðabyggingum en þegar ekki reyndist vilji til þess beitti félagið sér fyrir byggingu nær 300 íbúða á Øster Fælled í Kaupmannahöfn.¹⁹

¹⁶ Sjá Strömberg, Tord, „Att få saker och ting gjorda – Exempler Örebro och Norrköping 1945-1970“. Uppsats till bostads- och urbanforskningsseminarium i Gävle 24-26 april 1996 (fjölrit).

¹⁷ Sjá t.d. Hall, Peter, *Cities in Civilization* (London, 1999), 27. kafli, „The Social Democratic Utopia. Stockholm 1945-1980“.

¹⁸ Lind og Møller, 2. kafli.

¹⁹ Sama heimild, 2. kafli.

Borgarþróun í Danmörku einkenndist af mjög sterkri stöðu Kaupmannahafnar, sem rétt eins og nú var fjölmennasta borg á Norðurlöndum. Það þurfti heldur ekki að koma á óvart að Danmörk var það Norðurlandanna þar sem verkalýðshreyfingin lét fyrst til sín taka, sem og stjórn málahreyfing jafnaðarmanna, sem átti eftir að verða leiðandi stjórn málaafli á Norðurlöndum á 20. öldinni. Danska verkalýðshreyfingin hóf fljótlega að beita sér á sviði húsnæðismála og var fyrsta byggingarfélag verkamanna stofnað af verkamönnum í skipasmíðastöð Burmeister & Wain í Kaupmannahöfn árið 1865.²⁰ Það var þó ekki fyrr en nær tveimur áratugum síðar, árið 1884, að tveir fyrstu jafnaðarmennirnir voru kosnir á þjóðþingið. Þetta var á tímum íhaldsstjórnar Estrups sem árið 1887 beitti sér fyrir fyrstu löggefi á Norðurlöndum um íbúðabyggingar fyrir alþýðumanna. Hugsun Estrups var raunar í ætt við aðferðafræði járnkanslarans Bismarcks í Þýskalandi, sem með hóflegum umbótum vildi slá vopnin úr höndum sósíalista.²¹ Danir höfðu þegar um 1850 stofnað lánafélög sem veittu lán til fasteignakaupa, þar á meðal íbúðarhúsnæðis. Hugmyndin að baki hinna dönsku lánafélaga var bæði sótt til svokallaðra „Bausparkassen“ í Þýskalandi og til „Building Societies“ í Bretlandi. Enn þann dag í dag byggist danska húsnæðislánakerfið á þessum lánastofnunum, „realkreditinstituter“.

Tuttugasta öldin hófst með góðæri í Danmörku, en við lok fyrsta áratugarins skullu á efnahagsþrengingar sem mjög gætti í íbúðabyggingum. Erfiðleikarnir urðu til þess að upp úr 1910 fór danska verkalýðshreyfingin að beita sér af miklum krafti í húsnæðismálum með stofnun byggingarféлага verkamanna og byggingarsamvinnuféлага víðs vegar um landið. Vafalítið má telja að

fyrstu hliðstæðar félagsstofnanir á Íslandi árin 1919 og 1929, sem vikið verður að hér á eftir, hafi að nokkru leyti byggt á reynslu frá Danmörku.

Þekktasti húsnæðisfrömuður Dana á þessum árum var trésmiðurinn Jens Christian Jensen sem valdist til forystu fyrst í sínu stéttarfélagi og síðan innan dönsku húsnæðishreyfingarinnar. Laun hans fyrir einarða baráttu í þágu húsnæðisumbóta í Danmörku eru þau að hann situr uppi með hið öfugmælakennda viðurnefni „Christian bolignød“. Í samanburði við hin Norðurlöndin voru dönsku húsnæðisfélögin orðin mjög öflug strax á millistríðsárunum.²²

Þegar farið var að móta húsnæðisstefnu eftir stríðsáruna að lokinni síðari heimsstyrjöldinni var eðlilegt að byggja hana á hinum öflugum húsnæðisfélögum sem þegar voru fyrir hendi, fremur en fylgja sömu leið og Svíar sem gerðu sveitarfélögin að helsta framkvæmdaðila við félagslegar íbúðabyggingar.²³



Jens Christian Jensen (1877-1956). (Lind, Olaf og Møller, Jonas, *FolkeBolig-BoligFolk*, bls. 66)

²⁰ Sama heimild.

²¹ Sama heimild, 3. kafli.

²² Sama heimild, 4. kafli.

²³ Jensen, Lotte, „Den organiserede boligbevægelsen og institutionaliseringen af den boligpolitiske forestilling“, *Magtens organisering – Stat og interesseorganisationer i Danmark*. Ritsjt. C. Daugbjerg og J. Blom-Hansen (Kaupmannahöfn, 1999) bls. 37-62.

Danski félagsíbúðageirinn er í dag mjög öflugur og innan hans er að finna um 500.000 íbúðir, eða um 20% alls húsnæðis í Danmörku. Samtals eru húsnæðisfélögin um 700 talsins, skipulögð í öflugum landssambandi, BL, Boligselskabernes landsforening.²⁴ Þessi húsnæðisfélög hafa starfað með ríkisvaldinu og sveitarfélögunum og eru tengd dönsku verkalýðshreyfingunni. Innan félaganna hefur frá upphafi ríkt sterk lýðræðis- og samvinnuhefð, sem Danir hafa lagt rækt við og eftt verulega á undanförunum áratugum. Árangurinn er sá að hinn alþjóðlegi „húsnæðismálaheimur“ hefur í auknum mæli litið til Danmerkur sem fyrirmyndarlands hvað snertir virkt íbúalýðræði – „beboerdemokrati“ – við alla ákvarðanatöku innan húsnæðisfélaganna.

Í anda breyttra tíma og aukinnar áherslu á markaðslausnir hafa þó dönsku húsnæðisfélögin sætt vaxandi gagnrýni á undanförunum árum. Húsnæðishreyfingin hefur haldið til streitu takmörkunum gegn húsaleiguhækkunum sem verið hafa í gildi allar götur frá upphafi síðari heimsstyrjaldarinnar. Afleiðingin er sú að húsaleiga er oft í litlu samræmi við markaðsleigu. Ríkisstjórnir jafnaðarmanna á sl. áratug kusu að hreyfa sem minnst við hinum félagslega leiguíbúðamarkaði, öfugt við flokksbræður sína í Svíþjóð á sama tíma.

Með valdatöku mið-hægri stjórnar Anders Fogh Rasmussen árið 2001 var hins vegar ljóst að breytingar væru í aðsigi innan danska félagsíbúðageirans. Sterk staða BL hefur þó orðið til þess að snöggar og djúptækar breytingar eru ólíklegar.²⁵

Í Noregi einkenndist 19. öldin af verulegum efnahagsframförum. Norðmenn bjuggu frá 1814 við frjálslyndustu stjórnarskrá í Evrópu en tókst þó ekki að losna úr óljúfu konungssambandi við Svíþjóð fyrr en árið 1905. Virkjun fallvatna og ör iðnaðaruppbygging fylgdust að á árunum kringum aldamótin 1900. Margir Íslendingar, undir forystu Einars Benediktssonar, vildu fylgja í fótspor Norðmanna hvað þetta snerti – og er svo enn. Hinni hröðu efnahagsþróun fylgdi ör þéttbýlismyndun og var vöxturinn mestur í höfuðborginni Kristíaníu (Oslo frá og með 1925). Á síðasta áratugi 19. aldarinnar fjölgaði íbúum norska höfuðstaðarins þannig um 76 þúsund manns, eða um álfika fjölda og bjó á öllu Íslandi á þeim tíma.²⁶

Húsnæðisvandi alþýðu, einkum í Kristíaníu/Oslo kallaði sem annars staðar á ýmiss konar viðbrögð og einkenndust þau í fyrstu af hægfara umbóta-viðleitni borgaralegra aflu. Þegar fór að líða á 20. öldina gerði verkalýðshreyfingin og viðhorf hennar sig æ meira gildandi.

Meðal fjölmargra norskra umbótafrömuða í húsnæðismálum á þessum tíma má nefna Christian Gierløff, sem var einn helsti forystumaður „Norsk forening for boligreformer“ sem stofnað var árið 1913. Félagið var hliðstætt áþekktum félögum sem spruttu upp víða í Evrópu á þessum tíma og mynduðu í raun alþjóðlega húsnæðisumbótahreyfingu hugsjónamanna.²⁷

Á stríðsárunum sátu ýmsir helstu forystumenn norska Verkamannaflokksins og annarra norskra stjórnmálaflokka í fangabúðum þýskra nasista, sumir í Sachsenhausen í Þýskalandi en flestir í Grini-fangabúðunum í Noregi. Menn sátu þó ekki

²⁴ Vestergaard, Hedvig, „Almene boliger i Danmark“. Framlag til rannsóknarverkefnisins: „Almännyttans framtid i Norden“ (2003, fjölrit).

²⁵ Sama heimild.

²⁶ Annaniassen, Erling, *Hvor Nr. 13 ikke er... – Boligsamvirkets historie i Norge. Bind 1* (Oslo, 1991), 2. kafli.

²⁷ Sama heimild, 6. kafli. Þess má geta að bæklingur eftir Gierløff var þýddur og gefinn út hér á landi af fulltrúaráði verkalýðsfélaganna í Reykjavík árið 1919 undir heitinu „Um byggingarfélög með samvinnusniði“ og kom hann út í tengslum við stofnun Byggingarfélags Reykjavíkur árið 1919, fyrsta byggingaraðila félagslegs húsnæðis á Íslandi.



Cristian Gierløff (1879-1962). (Annaniassen, Erling, *Hvor Nr. 13 ikke er ...*, bls. 128)



Björt framtíð í nýbyggðum íbúðum. Kosningaveggspjald norska Verkamannaflokksins frá árunum eftir lok síðari heimsstyrjaldar. (Reiersen, Elsa og Thue, Elisabeth, *De tusen hjem*, (Oslo, 1996), bls. 189)

auðum höndum, heldur voru þeir önnur kafnir við að ræða og móta þá stefnu sem lögð var til grundvallar norsku velferðarþjóðfélagi eftirstriðsáranna, þar á meðal stefnuna í húsnæðismálum.²⁸ Árið 1946 var hafist handa við að hrinda hinni nýju húsnæðisstefnu í framkvæmd með stofnun Hins norska Húsbanka og með stofnun Landssambands húsnæðissamvinnufélaga, NBBL.²⁹

Norski Húsbankinn hefur verið burðarásinn í fjármögnun íbúðabygginga í Noregi allt frá 1946 til dagsins í dag. Þegar Húsnæðismálastofnun ríkisins var sett á fót hér á landi á sjötta áratug síðustu aldar var um margt horft til Húsbankans sem fyrirmyndar. Næst á eftir Íbúðalánasjóði hér á Íslandi er Húsbankinn enn í dag öflugasta ríkislánastofnun á sviði húsnæðismála á Vesturlöndum.

Á fjórða áratugnum höfðu húsnæðissamvinnufélög verið að eflast í Noregi, einkum OBOS í Osló, sem stofnað var með ráðgjöf og stuðningi frá HSB í Svíþjóð. Á sama tíma var byggt upp í Bergen nokkuð öflugt leiguíbúðakerfi. Stefnumótunin í Noregi að lokinni síðari heimsstyrjöldinni leiddi hins vegar til þess að stjórnvöld ákváðu að veðja frekar á húsnæðissamvinnufélögin heldur en að fara þá leið að byggja upp leiguíbúðakerfi sveitarfélaga eins og gert var í Svíþjóð.

Næstu áratugina voru Húsbanken og NBBL helstu áhrifaaðilar í norskum húsnæðismálum. Húsnæðissamvinnufélögin urðu helsti byggingaraðili í borgum og þéttbýli og enn í dag er stærstur hluti fjölbýlishúsnæðis í Noregi í eigu húsnæðissamvinnufélaganna. Hluttur þeirra af heildarfjölda íbúða í Noregi er nú um 16%.³⁰

²⁸ Sama heimild, 8. kafli.

²⁹ Reiersen, Elsa og Thue, Elisabeth, *De tusen hjem – Den Norske Stats Husbank 1946-1996* (Oslo, 1996), kafli 1.

Árið 1982 komst til valda stjórn borgaraflokka sem beitti sér fyrir verulegri uppstokkun í norska húsnæðiskerfinu. Mikilvægasta breytingin var sú að forkaupsréttur húsnæðissamvinnufélaganna á búseturétti var afnuminn og eigendum þar með heimilað að selja búseturétt sinn á frjálsum markaði. Þetta var í raun og veru ígildi einkavæðingar á norska búsetakerfinu enda er það svo að sá sem í Noregi er eigandi búseturéttar og býr í slíkri íbúð telst ótvírætt vera íbúðareigandi.

Á síðustu 20 árum hefur dregið talsvert úr leiðandi hlutverki norska Húsbankans og á síðustu fimm árum eða svo hafa einkabankar í vaxandi mæli gert sig gildandi á húsnæðislánmarkaðinum.

Allar götur frá 15. til 19. aldar – þegar sprenging varð í mannfjölda- og borgarþróun Evrópu – ríkti stöðnun í mannfjöldaþróun á Íslandi og þéttbýli náði hvergi að skjóta rótum. Alla 20. öldina bjó Ísland hins vegar við mjög öra mannfjölgun. Mannfjöldinn allt að því fjórfaldaðist á öldinni og fólksfjölgunin nam 117% frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar til ársins 2000.³¹ Jafnframt hinni öru mannfjölgun á 20. öld urðu miklar sviptingar í búsetuþróuninni og árið 2000 var svo komið að um 74% allra Íslendinga bjuggu á suðvesturhorni landsins, þ.e. milli fljótanna tveggja, Hvítár í Borgarfirði og Þjórsár á Suðurlandi.³²

Á fyrstu áratugum þéttbýlismyndunar á Íslandi var húsnæðismálum í raun aðeins sinnt sem hluta svonefndra fátækramála. Í fyrri heimsstyrjöldinni skapaðist mikill húsnæðisskortur í höfuðstaðnum Reykjavík sem leiddu til þess að ríkisvaldið greip í fyrsta sinn inn í húsnæðismálin með því setja allströng húsaleigulög, sem giltu þó einungis í

Reykjavík. Í síðari heimsstyrjöldinni voru einnig sett ströng húsaleigulög, sem í þetta sinn giltu um allt land. Í báðum tilvikum voru húsaleigulögin afnumin fáum árum eftir styrjaldarlok. Þetta var ólíkt því sem gerðist víðast í Evrópu, þar sem enn í dag eru mjög víða í gildi takmarkanir við húsaleiguhækkunum sem eiga uppruna sinn á styrjaldarárum 20. aldar.

Vegna húsnæðisvanda á tímum fyrri heimsstyrjaldarinnar beitti hin unga íslenska verkalyðshreyfing sér fyrir stofnun byggingarfélags í Reykjavík árið 1919 sem byggði nokkra tugi leiguíbúða. Það var svo ekki fyrr en árið 1929 að Alþingi lét loksins undan kröfum verkalýðshreyfingarinnar og Alþýðuflokksins og samþykkti fyrstu lögin um verkamannabústaði og var Héðinn Valdimarsson, svo sem alkunnugt er, helsti hvatamaður þessarar löggjafar.

Byggingar verkamannabústaða urðu minni en efni stóðu til á kreppuárum fjórða áratugar síðustu aldar. Við lok síðari heimsstyrjaldarinnar voru Íslendingar hins vegar orðnir ein ríkasta þjóð Evrópu en misstu hins vegar af tækifærinu til þess að komu upp öflugu og heildstæðu húsnæðiskerfi, sem fjölmargar – ef ekki flestar – þjóðir Evrópu gerðu einmitt á árunum 1945–1947. Á árunum kringum 1950 höfðu Íslendingar glutrað niður hinni góðu efnahagsstöðu og skollnar voru á gjaldeyrisþrengingar með tilheyrandi hafta- og skömmunarkerfi sem m.a. komu niður á innflutningi byggingarefnis og þar með íbúðabyggingum.

Um það bil 10 árum á eftir öðrum Norðurlandþjóðum hófust Íslendingar loks handa við að koma upp vísi að húsnæðislánakerfi með stofnun

³⁰ Hansen, Thorbjørn, „Allmenntigg og sosial boligsektor i Norge“. Framlag til rannsóknarverkefnisins: „Almänntiggans framtid i Norden“ (2003, fjölrit).

³¹ Hagstofa Íslands, *Landshagir 2000* (Reykjavík, 2001).

³² Sama heimild.

húsnæðismálastjórnar 1955 og Húsnæðismálastofnunar ríkisins 1957. Aðkoma íslenska ríkisins að húsnæðismálum var þó alltaf mun minni en á öðrum Norðurlöndum allar götur til árnanna kringum 1980. Þessu olli m.a. mikil verðbólga og erfiðleikar henni samfara við að byggja upp öflugt og skilvirkt húsnæðislánakerfi. Íslendingar reyndust á hinn bóginn óhemju duglegir við að byggja sjálfir yfir sig og fjármagna byggingar sínar beint úr eigin vasa með mikilli vinnu.³³

Þegar verðbólga fór úr böndunum um og eftir 1980 varð ljóst að við svo búið mátti ekki standa. Öflug hreyfing húsbýggjenda, svonefndur Sigtúnshópur, steig fram á sjónarsviðið árið 1983 og krafðist úrbóta á lánakerfinu. Um svipað leyti voru einnig stofnuð húsnæðissamvinnufélög að skandinavískri fyrirmynd, sem lögðu áherslu á auknar félagslegar aðgerðir í húsnæðismálum. Hvorar tveggja þessara hreyfinga, Sigtúnshópurinn og húsnæðissamvinnufélögin, áttu án efa talsverðan þátt í því að stjórnvöld tóku húsnæðismálin til gagnrærrar endurskoðunar á næstu árum. Árið 1986 var þannig tekið upp nýtt lánakerfi sem byggðist á því að veita fjármagni lífeyrissjóðanna inn í Byggingarsjóð ríkisins og árið 1989 var komið á svonefndu húsbrefakerfi, fjármögnunarkerfi sem í rauninni er byggt upp að fyrirmynd dönsku húsnæðislánafélaganna, þó með þeirri undantekningu að húsbrefadeildin er rekin af opinberum aðilum en dönsku lánafélögin starfa sjálfstætt.

Hvað snertir félagslegar íbúðabyggingar hefur lengst af verið lögð mest áhersla á byggingu verkamannabústaða í samráði við verkalýðshreyfinguna. Veigamesti liðurinn í uppstokkun húsnæðismála á Íslandi upp úr 1985 var efling félagsamtaka sem félagslegra byggingaraðila. Á þeim árum sem Jóhanna Sigurðardóttir var félagsmála-



Biðröð eftir að komast að hjá húsnæðismálastjórn á sjötta áratugnum. (Teikning eftir Halldór Pétursson. ©erfingar/Myndstef 2002).

ráðherra, árin 1987-1994, náðu félagslegar íbúðabyggingar sögulegu hámarki og urðu um nokkura ára skeið um 40% allra íbúðabygginga í landinu.³⁴

Flestar ríkisstjórnir sem sest hafa að völdum á Íslandi á undanförunum tveimur áratugum hafa talið nauðsynlegt að framkvæma gagngera endurskoðun húsnæðislánakerfisins. Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks sem settist að völdum árið 1995 er engin undantekning þar á. Helstu aðgerðir Páls Péturssonar, félagsmálaráðherra Framsóknarflokksins, voru annars vegar þær að leggja niður Húsnæðisstofnun ríkisins og hins vegar að leggja niður þáverandi félagslegt húsnæðiskerfi. Húsnæðisstofnun breyttist 1999 í Íbúðalánasjóð og í stað þess að veita lán til kaupa á svonefndum félagslegum eignaríbúðum var farið í það að veita sérstök viðbótarlán til þeirra sem eru undir ákveðnum tekjumörkum. Gamla eignaríbúðarkerfinu var lokað og frá 2002 er íbúum í slíkum íbúðum heimilt að selja þær á frjálsum markaði.

Árið 2000 lagði nefnd á vegum félagsmálaráðuneytisins til að efla bæði félagslegan og almenn-

³³ Jón Rúnar Sveinsson, *Society, Urbanity and Housing in Iceland* (Gävle, 2000), 4. kafli.

³⁴ Sama heimild, 5. kafli.



Verkalýðsleiðtoginn Guðmundur J. Guðmundsson (1927-1997) var einn helsti hvatamaðurinn að byggingu 1250 félagslegra íbúða í Breiðholti á árunum 1965-1975. (Ljósmynd í eigu Ljósmyndasafns Reykjavíkur).

an leigumarkað og hefur sú stefnumótun smátt og smátt verið að komast í framkvæmd.³⁵ Á næstu árum eru horfur á að verulegar byggingar leigubúða muni eiga sér stað hér landi, raunar þær mestu sem hingað til hafa sést í húsnæðismálagöngu Íslands.

Finnland varð harðast úti allra Norðurlanda á árum síðari heimsstyrjaldarinnar. Efnahagsþróunin þar var skemmra á veg komin en fyrir styrjöldina og stríðskostnaðurinn og tjónið sem fylgdu stríðsátökunum bættu ekki úr skák.

Húsnæðisþróunin í Finnlandi dró lengi dóm af því að landið var ívið seinna að ná sama velmegunarstigi og hin Norðurlöndin. Finnar stóðu frammi fyrir því við lok seinni heimsstyrjaldarinnar, einir Norðurlandabjóða, að þurfa bæði að byggja nýtt húsnæði í stað þess sem eyðilagt hafði verið af herjum Sovétríkjanna og Þýskalands, svo og að byggja yfir fjölmenna hópa

sem flúðu frá þeim landsvæðum sem Sovétríkin lögðu undir sig við stríðslok.³⁶

Upphaf hins núverandi opinbera húsnæðislánakerfis í Finnlandi má rekja til ársins 1949, þegar hinu svonefnda ARAVA-lánakerfi var komið á laggirnar. ARAVA-kerfinu var í byrjun einungis ætlað að vera til bráðabirgða, til þess að leysa úr húsnæðisvandannum eftir stríðið. Þetta finnska kerfi varð um sumt til með svipuðum hætti og Húsnæðismálastofnun ríkisins hér á landi á sjötta áratug síðustu aldar en sumt líkist því hvernig staðið var að Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar árið 1965.³⁷ Hlutur finnska ríkisins í hinu opinbera fjármögnunarkerfi þróaðist síðan áfram og 1966 var sérstök húsnæðisstofnun, hliðstæð samnefndum stofnunum á hinum Norðurlöndunum, sett á laggirnar. Finnska húsnæðislánakerfið var einnig líkt því íslenska að því leyti að lánshlutfallið var tiltölulega lágt og láns tími mun skemmri en tíðkast hefur í Danmörku,

³⁵ Félagsmálaráðuneytið, „Nefnd um leigumarkað og leiguhúsnæði – Greinargerð og tillögur“ (Reykjavík, 2000).

³⁶ Bengs, Christer og Loikkanen, Heikki A., „The Finnish Housing Market: Structure, Institutions and Policy Issues“, *Housing Markets and Housing Institutions: An International Comparison*. Ritstj. Hårsman, B. og Quigley, J. M. (Boston, 1991) bls. 63-112.

³⁷ Ruonavaara, Hannu, „The Game for ARAVA: Tracing a Critical Juncture in Finnish Housing Policy“. *Perspectives in Sociological Research*. Ritstj. M. Suoninen og T. Toivonen (Turku, 1997). Niva, Matti, *Bostad, politik och marknad – en jämförande studie av bostadspolitik i efterkrigstidens Sverige och Finland* (Stokkhólmi 1988).

Noregi og Svíþjóð, eða oft á bilinu 10-20 ár.³⁸ Hlutfall eignarhúsnæðis í Finnlandi er nú nær 70%, mun hærra en í Danmörku, Noregi og Svíþjóð, en heldur lægra en á Íslandi. Þessu veldur ekki síst það, að húsnæði í fjölbýli í Finnlandi er yfirleitt í eigu þeirra sem í íbúðunum búa, líkt og hér á landi.

Útfærsla Finna á eignarhaldi fjölbýlisíbúða er þó sérstök að því leyti að þeir nota hlutafélagsformið sem ramma utan um það; íbúðareigandinn er þá formlega séð eigandi hlutabréfs sem svarar til þess hlutfalls sem hans íbúð er af heildareign viðkomandi húsnæðishlutafélags. Finnsk fjölbýlishús eru einnig sérstök hvað það varðar að almennt tíðkast að íbúarnir hafi aðgang að finnsku saunabaði og er slíkt raunar talið ómissandi þar í landi.

Um miðjan níunda áratuginn fór frjálshyggjustefna að einkenna finnsk húsnæðismál. Sú þróun hófst á tíma alþjóðlegrar efnahagsuppsveiflu sem leiddi til gífurlegrar þenslu á finnska húsnæðismarkaðinum á síðari hluta áratugarins. Eftir 1989 snerist sú þróun hins vegar gersamlega við. Við tók efnahagsstöðnun í Finnlandi á árunum 1989-90, sem eftir 1990 umhverfðist í alvarlega efnahagskreppu. Einn orsakafáttur í þessu var að sjálfsgöðu pólitískt og efnahagslegt hrun Sovétríkjanna frá og með haustinu 1991, helsta viðskiptalands Finnlands.³⁹

Finnski húsnæðismarkaðurinn fór vitanlega ekki varhluta af áhrifum efnahagskreppunnar. Íbúðaverð hrundi, atvinnuleysi jókst, fólk missti eignir sínar og margir sátu uppi með tvær eignir, því þeir gátu ekki selt fyrri eign sína.

Stjórnvöld brugðust við þessu með ýmsum hætti. Í sparnaðarskýni var öll stjórnsýsla finnska ríkisins endurskipulögð og stjórnsýslustofnanir aðrar en ráðuneyti, voru lagðar niður, sameinaðar öðrum stofnunum eða innlimaðar í ráðuneyti. Þetta leiddi m. a. til þess að finnska Húsnæðisstofnunin var lögð niður og verkefni hennar voru færð til umhverfisráðuneytisins, sveitarfélaganna og fleiri stofnana. Í stað finnsku Húsnæðisstofnunarinnar er nú kominn sérstakur Húsnæðissjóður ríkisins (Statens bostadsfond), sem stofnaður var árið 1990.

Til þess að vinna gegn áhrifum þrenginganna á eignaríbúðamarkaðinum hefur verið gripið til ráðstafana til eflingar hins frjálsa leigumarkaðar. Afnumdar hafa verið reglur um hámarkshúsaleigu og húsaleigulög endurskoðuð í frjálsræðisátt. Þetta hefur leitt til uppsveiflu á leigumarkaði, einkum hafa ungar fjölskyldur í vaxandi mæli leitað út á leigumarkaðinn. Afleiðing þessarar þróunar og erfiðleika á íbúðamarkaði eru þær, að það hlutfall Finna, sem bjó í eigin húsnæði, féll á tíunda áratug liðinnar aldar um heil fjögur prósentustig.⁴⁰

Með vaxandi gengi finnsks efnahagslífs eftir inngöngu í ESB og upptöku evrunnar, samfara gífurlegri uppsveiflu í finnskum hátækniíðnaði, hefur hins vegar bjartsýnin aukist á ný, sem á allra síðustu árum hefur skilað sér í nýrri uppsveiflu á húsnæðismarkaðinum í Finnlandi.

Hugmyndapróun í húsnæðismálum

Á 19. öld var megineinkenni umbótaviðleitni á sviði húsnæðismála að hún var borin uppi af einstaka mannvinum sem rann til rifja hin bágu

³⁸ Jón Rúnar Sveinsson, „Meginþættir í þróun og skipulagi húsnæðisfjármögnunarkerfa á Norðurlöndum“ (Húsnæðisstofnun ríkisins, 1996, fjölrit).

³⁹ Ruonavaara, Hannu, „Social Housing in Finland“. Framlag til rannsóknarverkefnisins: „Almännyttans framtid i Norden“ (2003, fjölrit).

⁴⁰ Sama heimild.

húsnæðiskjör alþýðu. Þrátt fyrir ótalmörg dæmi um velheppnaðar aðgerðir af þessu tagi, þá voru þær sem litlar gárur á vatni þegar fyrstu iðnvæddu þjóðfélögin eru skoðuð í heild sinni. Það átti eftir að koma í hlut verkalýðshreyfingarinnar og stjórnmalaflokka hennar, sem fóru að láta til sín taka um alla Evrópu á síðari hluta 19. aldar, að gerast helstu frumkvöðlar að því sem við þekkjum sem félagslegar íbúðabyggingar og hvernig þær þróuðust og döfnuðu.

Á fyrsta skeiði iðnvæðingarinnar bar talsvert á frumkvæði manna úr stétt atvinnurekenda, sem auðgast höfðu á hinni nýju hagskipan en töldu stöðu og kjör verkalýðsstéttarinnar óviðunandi, ekki síst á sviði húsnæðismála. Þekktastur slíkra manna var líklega velski verksmiðjueigandinn Robert Owen – einn af frumkvöðlum sósíalísmans – sem gerði tilraunir með sköpun heilla samfélaga

þar sem húsnæðiskjör verkafólks voru allt önnur og betri en annars staðar þekktist.⁴¹

Frumkvæði að umbótum í húsnæðismálum á 19. öld kom einnig oft frá læknastréttinni en vísindaleg læknisfræði var einmitt á þessum tíma að ryðja sér til rúms í Evrópu. Í kjölfarið var farið að gera fastmótaðar kröfur um heilsusamlegra umhverfi í borgum. Í mörgum löndum létu félög umbótasinnaðra menntamanna og borgara til sín taka á sviði húsnæðismála sem annarra félagsmála. Nefna má „Norsk forening for boligreformer“, sem áður nefndur Christian Gierløff stofnaði árið 1913, hið sænska „Central-förbundet för socialt arbete“, stofnað 1903 að fyrirmynd „Verein für Sozialpolitik“ í Þýskalandi og hins breska „Fabian Society“.⁴²

Þrátt fyrir þann mikla mun sem einkennt hefur



New Lanark, nálægt Glasgow, vettvangur umbótilrauna Roberts Owens á 19. öld. (Branteberg, Tore, *Sosial boligbygging í Europa 1335-1985*, (Oslo, 1996), bls. 68)

⁴¹ Branteberg, Tore, *Sosial boligbygging i Europa 1335-1985 – Fra slaveby til haveby, europeiske arbeiderboliger i et arkitektonisk perspektiv* (Oslo, 1996).



Þátttakendur á norrænni húsnæðisráðstefnu árið 1925, sem haldin var af fyrstu norrænu húsnæðisfélögunum. (Annianssen, Erling, Hvor Nr. 13 ikke er ..., bls. 170)

húsnæðismál á Norðurlöndum hefur þó oft komið til þess að áþekkar hugmyndir hafi haft áhrif í fleiri en einu landi. Dæmin um tilfærslu húsnæðismálahugmynda milli Norðurlandanna eru raunar fjölmörg. Norsku húsnæðissamvinnufélögin frá fjórða áratug 20. aldar eru t.d. byggð á fyrirmyndum frá HSB, landssambandi húsnæðissamvinnufélaga í Svíþjóð. Einnig leituðu íslensku húsnæðissamvinnufélögin mest í smíðju sænsku HSB-hreyfingarinnar eftir fyrirmyndum.

